

Vestfirðir

Sumarið 2002

Ókeypis eintak

Kvæðamenn og fróðleiksfólk á rímnahátíð í Dalbæ

Rímnahátíð verður haldin í Dalbæ á Snæfjallaströnd laugardaginn 22. júní. Hátíðin verður jafnframt opnunarsamkoma sýningar um sögustaði á svæðinu, gönguleiðir og merka atburði og persónur. Meðal þeirra sem fram koma eru Steindór Andersen kvæðamaður og Hilmar Örn Hilmarsson tónlistarmaður. Þeir fluttu Snjáfjallavísur hinar síðari á Galdrahátíð í Bjarnarfirði á síðasta hausti og hafa fallist á að endurtaka þann leik á rímnahátíðinni.

Þeir Steindór Andersen og Sigurður Sigurðarson dýralæknir og kvæðamaður ætla síðan að halda örnámskeið í flutningi kvæðalaga en jafnframt koma fram félagar í Kvæðamannafélaginu Íðunni,

Eyvindur P. Eiríksson rithöfundur og Vestfjarðagoði og Ása Ketilsdóttir frá Laugalandi.

Gísli Hjartarson segir frá gönguleiðinni um Höfðaströnd, Grunnavík og Snæfjallaströnd og greinir frá merkjum persónum og atburðum. Ólína Þorvarðardóttir skóla-meistari á Ísafirði fjallar um feril Jóns lærða. Þórður Halldórsson á Laugalandi, sem fer í hestaferðir með samatjóld á vegum Svadilfara í kringum Drangajökul, mun kynna þær ferðir.

Rímnasetur í Dalbæ í undirbúningi

Í náinni framtíð er stefnt að því að í Dalbæ verði komið upp rímnasetri með fræðimannaþúð og að þar verði haldin málþing og hátíðir sem tengjast rímum í nútíð og fortíð. Að rímnahátíðinni núna í sumar standa Sögumiðlunin ehf. og Ferðaþjónustan Dalbæ. Jónas Helgason í Æðey annast bátsferðir frá Ísafirði kl. 13 á rímnahátíðardaginn, laugardaginn 22. júní, og



Dalbær á Snæfjallaströnd.

setri með fræðimannaþúð og að þar verði haldin málþing og hátíðir sem tengjast rímum í nútíð og fortíð. Að rímnahátíðinni núna í sumar standa Sögumiðlunin ehf. og Ferðaþjónustan Dalbæ. Jónas Helgason í Æðey annast bátsferðir frá Ísafirði kl. 13 á rímnahátíðardaginn, laugardaginn 22. júní, og

til baka um miðnætti, ef pantanir berast. Einnig verður boðið upp á bátsferðir í Æðey og Vigur og Jökulfirði daginn eftir ef veður leyfir. Tjaldstæði og svefnpokapláss eru í Dalbæ.

Nánari upplýsingar fást hjá

Sögumiðluninni ehf. (sogumidlun@yahoo.com), sími 698 7533 (Ólafur), Ferðaþjónustunni Dalbæ, sími 897 6872 (Ingólfur) og 697 7818 (Jörgína), og Jónasi Helgasoni í Æðey, sími 456 4816 og 854 4816.



ÍSAFJARÐARBÆR



Sumar, vetur, vor og haust
Whatever the season

Sundlaugar á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri

Swimming pools in Isafjordur, Flateyri, Sudureyri and Þingeyri

Vel búin tjaldsvæði á Ísafirði, Þingeyri og Flateyri

Modern camping sites in Isafjordur, Þingeyri and Flateyri

Hver sem ástæðan er
Whatever the reason



Upplýsingamiðstöðvar / information centres:
Isafjörður: 456 5121
Þingeyri: 456 8304

www.vestfiridir.is
www.westfjords.is



Sýning um sauðfjárþúskap Strandamanna

Um miðjan júní verður opnuð sýning sem ber titilinn *Sauðfé í sögu þjóðar* í félagsheimilinu Sævangi, sem er um 12 km sunnan við Hólmavík á Ströndum. Þar verður sagt frá sauðfjárþúskap fyrir og nú í máli og myndum. Einnig verða til sýnis margvíslegar minjar sem tengjast sauðfjárþúskap.

Sýningin verður opin frá kl. 10 til 18 alla daga vikunnar frá 15. júní til 31. ágúst. Fyrir framtakinu stendur *Félag áhugamanna um Sauðfjársetur á Ströndum* og sýningin er sett upp í samstarfi við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum í Hrutafirði.

Fjölskylduvæn sýning

Á sýningunni er lögð áhersla á að allir aldurshópar fái nokkuð fyrir sinn snúð og töluvert er gert til að höfða til fjölskyldufólks. Til að mynda verða heimalningar í

girðingu utan við Sævang og þeim verður gefið tvisvar á dag með hjálp gestanna (kl. 10.15 og 17.30).

Þá er sérstakt barnahorn á sýningunni og einnig svokallað vísindahorn, þar sem meðal annars má fræðast um aðskiljanlegustu hluti sem snúa að sauðkindum og skoða tölvuforrit sem bændur nota.

Handverksbúð og kaffistofa

Jafnhliða sýningunni verður opnuð kaffistofa í Sævangi þar sem svangir ferðalangar geta sopið kakó eða kaffi og gætt sér á heimilislegu meðlæti, óháð því hvort þeir skoða sýninguna eða ekki.

Kaffihlaðborð verður þar með reglulegu millibili í sumar og ýmsar uppakomur. Eins verður handverksbúð í Sævangi þar sem á boðstólum verða margvíslegir munir sem tengjast svæðinu og sauðfjárþúskap yfirleitt.

SAMKAUP

...gæði og ferskleiki! SÍMI 456 5460

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

*Verið velkomin
á nýja staðinn
í Neista
Hafnarstræti 9-13*





Forsíðumyndin er tekin í Hornbjargi á Hornströndum. Ljósmyndari: **Daníel Bergmann. Vefsíða: www.danielbergmann.com**

Vestfirði

1. töl. • 8. árg. • Júní 2002

Á FERÐ UM VESTFIRÐI er frétt- og þjónustublað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur út einu sinni sumarið 2002. Upplagi blaðsins er dreift ókeypis um land allt.

Útgefandi: H-Prent ehf., Sólögðu 9, 400 Ísafirði, sími 456 4560. Bréfasími 456 4564. Netfang: bb@bb.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.

Prentvinnsla: H-Prent ehf.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Velkomin til Vestfjarða

„Á ferð um Vestfirði“ hefur svo sannarlega sannað gildi sitt þau sjö ár sem blaðið hefur verið gefið út. Auka hefur þurft upplagt þess við hverja prentun enda hafa móttökurnar verið framar björtustu vonum. Það er von útgefenda að blaðið verði sem flestum ferðamönnum á leið um Vestfirði til gagns og gamans og að það vekji áhuga hjá fleirum til að sækja þetta stórkostlega landsvæði heim. Þeim aðilum sem lagt hafa blaðinu lið er þökkúð samvinnan og sú ósk lögð fram að hún verði ekki síðri á næsta ári. Vestfirðingar fagna hverjum gesti sem kemur og taka vel á móti þeim, enda er ánægður ferðamaður besta innleggið til frekari uppbyggingar ferðþjónustunnar á svæðinu. Þeim ferðamönnum sem eiga leið um Vestfirði í sumar, sem og um aðra landshluta, er óskað ánægjulegs ferðasumars með von um slysalust ferðalag. Verið velkomin til Vestfjarða.

Ávarp Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra:

Allir finna eitthvað við sitt hæfi

Þegar Hrafna-Flóki sá vestfirsku fjöllin rísa úr sæ ákvað hann að nema þar land. Nú, þúsund árum síðar, má segja að landnámi á Vestfjörðum sé síður en svo lokið. Mörg svæði eru lítt könnuð og fjölbreytnin slík að mörgum þykir nóg um það veisluborð sem við blasir. Göngufólk, unnendur sögu, mannlífs og menningar – allir finna eitthvað við sitt hæfi. Fjöllin beinlínis hrópa á fólk að ganga á þau og sagan er geymd í frásögnum fólks og minjum sem hlúð er að af kostgæfni.

Á liðnum áratug hefur ferðþjónusta á Vestfjörðum tekið við sér svo að eftir hefur verið tekið. Allir hafa lagst á eitt til að þessi mikilvæga atvinnugrein nái að skjóta rötum. Gönguleiðir hafa verið merktar, kort gefin út, söfn eflað og ný opnuð. Sundlaugum hefur fjölgað og framboð gististaða stórauðist. Allt er þetta til að gera ferðir fólks þægilegri, fróðlegri og skemmtilegri.

Til að þetta nýtist sem best ríður á að tryggja góðar samgöngur, hvort sem er til og frá Vestfjörðum eða innan þeirra. Hér þykir mörgum Vestfirðingum ekki nóg hafa verið gert enda vilja þeir gestum sínum aðeins það besta og eru sjálfir háðir greiðum samgöngum árið um kring. Ferðþjónusta byggir í auknum mæli á því að gestir séu óháðir árstíma, þeir komi ekki aðeins um hásumarið.

Þarna er því verk að vinna og verður því markviss stefna stjórnvalda í vegamálum fjórðungsins knúin áfram af miklu afli. Þó að vegirnir taki í auknum mæli við hlutverki flugsamgangna er nauðsynlegt að tryggja framtíð flugsins í þágu ferðþjónustunnar og íbúa fjórðungsins. Að sama skapi er áhersla lögð á að Breiðafjarðarferjan Baldur verði áfram í förum enda er hún eitt af því sem ljær ferð á Vestfirði ævintýralegan blæ.



Ég óska landsmönnum góðs ferðasumars og vona svo sannarlega að ferð þeirra um Vestfirði verði þeim ógleymanleg upplifun!



SUNDLAUGAR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Opnunartími júní til ágúst 2002



Sundhöll Ísafjarðar

Sími 456 3200


Opnunartími frá 20. júní til 5. júlí: Mánud., miðv.d. og föstud. frá kl. 07:00 - 15:00 og 19:00 - 21:30. Þriðjud. og fimmtud. frá kl. 07:00 - 15:00 og 17:00 - 19:30. Laugard. og sunnud. frá kl. 10:00 - 16:00. Frá 5. júlí til 19. ágúst er opið virka daga frá kl. 07:00 - 21:30 og á laugard. og sunnud. frá kl. 10:00 - 16:00



Sundlaug Suðureyrar

Sími 456 6121

Opnunartími frá 8. júní til 27. ágúst: Mánudaga til föstudaga frá kl. 12:00 - 21:00 Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 - 19:00



Sundhöll Flateyrar

Sími 456 7738


Opnunartími frá 1. júní til 27. ágúst: Mánudaga til föstudaga frá kl. 10:00 - 21:00 Laugardaga og sunnudaga frá kl. 11:00 - 16:00



Sundlaug Þingeyrar

Sími 456 8375

Opnunartími frá 8. júní til 27. ágúst: Mánudaga til föstudaga frá kl. 07:45 - 21:00 Laugardaga frá kl. 13:00 - 19:00 Sunnudaga frá kl. 11:00 - 17:00



SÚÐAVÍK

ÍSAFJÖRÐUR

FLATEYRI

ÞINGEYRI

BÍLDUDALUR

TÁLKNAFJÖRÐUR

PATREKSFJÖRÐUR

KRÓKSFJARÐARNES



SPARISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



HÖFUÐSTÖÐVAR **SPVF** FJARÐARGÖTU 2 470 ÞINGEYRI SÍMI 456 8119

Nokkrar veigamiklar ástæður til að ferðast um Vestfirði

Flestir hafa farið hringveginn svokallaða (þjóðveg 1), og margir oft. Vestfjarðakjálkinn er utan þessa stóra hringvegar. Á Vestfjörðum er aftur á móti annar hringvegur og sá hringur er ótrúlega stór eða meira en helmingurinn af hinum hringnum.

Ef sveigt er af þjóðvegi 1 við Dalsmynni í Borgarfirði og farið vestur Dali og yfir Gilsfjarðarbrú, þar sem Vestfirðir hefjast, og síðan ekinn án útúrkróka hringurinn vestur til Barðastrandar, norður á Ísafjörð, inn Djúp og yfir Steingrímsfjarðarheiði og suður um Strandir, þá hafa verið eknir 686 kílómetrar þegar aftur er komið á þjóðveg 1 við Brú í Hrútafirði. Þetta er rúmlega helmingurinn af „stóra“ hringveginum, þjóðvegi eitt, sem er 1339 kílómetrar.

Á Vestfjörðum eru margir og ólíkir heimar

En svo eru allir hinir vegirnir (jafnvel hringvegirnir) út frá sjálfum hringveginum á Vestfjörðum. Frá honum eru til dæmis tólf kílómetrar að safninu í Ósvör, fimmtán til Bolungarvíkur og aðeins sjö kílómetrar til Flateyrar. En á öðrum svæðum eru miklu lengri leiðir þar sem ótalmargt er að sjá.

Þannig er suðursvæði Vestfjarða heill heimur út af fyrir sig – Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Sauðlauksdalur, Hnjótur í Örlygshöfn og sjálft Látrabjarg, svo fátt eitt sé nefnt.

Strandirnar norðan Hólmavíkur eru annar heimur, þar sem ekið er út af Vestfjarðahringvegi og norður í Árneshrepp. Djúpvík, Trékyllisvík, Ingólfsfjörður ...

Hvernig væri að skreppa á Ingaldssand? Eða verja eins og vikutíma í Reykhólasveitinni?

Einn heimurinn enn, og ekki sá ómerkasti, er friðland Hornstranda. Þar eru engir bílar, engin vélknúin ökutæki. Allt slíkt er bannað og því banni er framfylgt mjög stranglega. Þar er engin „traffíki“ eins og uppi um allt miðhálandi Íslands. Í Hornstrandafriðlandi er meiri friður og kyrrð en nokkurs staðar annars staðar á Íslandi. Og þó að sífellt fleiri leggi leið sína í friðlandið og gangi þar um dögum saman, þá er svæðið svo gríðarstórt, að varla er hætt á því að rekast á nokkurn mann.

Kyrrðin er svo djúp og þögnin svo alger, að mörgum sem þangað koma finnst að þeir hafi aldrei áður heyrt algera þögn. Hluti af þessari djúpu þögn eru hljóð náttúrunnar – báran í fjörinni, fugla-

kvakið, gagg tófunnar, selirnir sem stinga upp höfði og ávarpa ferðamenn ...

Vestfjarðakjálkinn verður ekki afgreiddur í einni heimsókn

Vestfirðir verða ekki afgreiddir í einni heimsókn, í einu sumarfrí. Þeir eru ekki einn heimur utan við stóra hringveginn sem allir þekkja og allir hafa farið. Þeir eru margir heimar. Vestfirðir eru landfræðilega nærfellt lausir við Ísland sjálft, eins og best sést á korti. Það munar minnstu að þeir séu eyja.

En þessi „næstum eyja“ er fjölbreyttari að náttúrufari og yfirleitt öllu sem Ísland hefur að bjóða (nema stóriðju og náttúruspjöllum) en nokkur annar landshluti.

Sá sem hefur ekki ferðast um Vestfirði hefur ekki kynnst Íslandi nema að hluta.



Frá Vigur í Ísafjarðardjúpi.



Keppendur í hálfmarafoni ræstir í Óshlíðarhlaup við Ráðbús Bolungarvíkur.

Óshlíðarhlaup í tíunda sinn

Óshlíðarhlaupið sem er árlegur viðburður og fastur liður í sumar dagskránni hér vestra verður hlaupið í tíunda sinn laugardaginn 29. júní. Eins og áður verður hlaupið hálfmarafon (21 km), 10 km og 4 km skemmtiskokk.

Í hálfmarafoninu er ræst í Bolungarvík og hlaupið um Óshlíð og Hnífsdal og Eyrarhlíð og áfram inn Skutulsfjarðarbraut og aftur út á Skutulsfjarðareyri. Leiðin er mjög fjölbreytt og skemmtileg og hreinlega ægífögur með útsýni yfir Ísafjarðardjúpi og til Jökulfjarða.

Í 10 km hlaupinu er ræst í Hnífsdal og hlaupið um Eyrarhlíð og inn Skutulsfjarðarbraut og aftur til baka niður á Eyri. Skemmtiskokkarar eru ræstir á Silfurtorgi og

hlaupa þeir inn Skutulsfjarðarbraut og aftur til baka. Í öllum hlaupunum er komið í mark á Silfurtorgi á Ísafirði þar sem jafnan er mannfjöldi og mikill hátíðarbragur við þetta tækifæri.

Hægt er að skrá sig á heimasíðu hlaupsins (www.swim.is/hlaup) eða í netfanginu noih@mmedia.is og í sínum 456 4103 og 864 6550. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni.



SÝSLUMAÐURINN
Á ÍSAFIRÐI

Friðlandið á Hornströndum

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Hornströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild sýslumanns. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.

3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjóleða, fjórhjóra, dráttarvéla og jeppabifreiða, er bönnuð utan vega og merktra slóða.

4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.

5. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Ísafirði, 10. febrúar 2002.
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.



Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 3990

Grillvörur - leikföng

Gasvörur - Hlífðarfatnaður

Góða ferð!

Hvers vegna að fara suður til að gera innkaupin?

Komdu í Ljónið!

Gleymdu ekki að það er NÁKVÆMLEGA sama verð í Bónus í Reykjavík og í Bónus á Ísafirði

Fimmtudagstilboð

Alla fimmtudaga í sumar:

4 Bautaborgarar með brauði **250** kr.
Rauðvínslegnar Bónus svínalærissneiðar og svínahnakkasneiðar - 40% afsláttur

Verð nú: **599** kr. Merkt verð 999kr.

Goðapylsur: **559** kr.kg Merkt verð 799kr.

Gold kaffi, 500g **179** kr. pakinn

Maryland kex, 33% stærra **85** kr. pakinn

Prince Polo 30stk. **999** kr. **33** kr. stykkið



BÓNUS

býður betur



Afgreiðslutími:

Mánudag til fimmtudags **12.00 til 18.30**

Fylgist með **Föstudag 10.00 til 19.30**

okkur! **Laugardag 10.00 til 16.00**

EKKERT BRUÐ!

Pú getur verið VISS - verðið í Bónus er ALLTAF betra en hjá keppinautumum!

Landljet - EGN



Á gúmmítuðru á leið út í Pólstjörnuna. Gísli Hjartarson leiðsögumaður í stafni efstafn skyldi kalla á svona bát.

Auðveld sex daga ferð á sjó og landi um Hornstrandasvæðið

Nú er tækifærið fyrir þá sem vilja heimsækja undraveröld Hornstranda og Jökulfjarða án of mikillar fyrirhafnar. Ýmist er siglt á góðum farþegabáti eða gengið án farangurs. Allar nætur er gisti í húsum með rúmstæðum og dýnum og fullt fæði er innifalið í verðinu. Þessar ferðir henta vel þeim sem vilja komast hjá því að ganga með allan búnað á bakinu og sofa í tjöldum í hvaða veðri sem er.

Það eru tveir vestfirskir útilegumenn, þeir Gísli Hjartarson og Úlfar Ágústsson, sem taka viðvaninga í útilífi með sér í þessar ferðir um undraheim Hornstranda. Farið er á tæpri viku á sjó og landi um allt svæðið frá Jökulfjörðum að Dröngum í Strandasýslu.

Ferðirnar hefjast á Ísafirði 1. júlí og 19. júlí og standa í fulla sex daga. Þar gefst fólki kostur á að skoða ýmist af sjó eða í gönguferðum allt Hornstrandasvæðið frá Jökulfjörðum að Dröngum í Strandasýslu. Gist er í gamla íbúðarhúsinu þeirra Lillu og Ragnars í Reykjarfirði fyrstu þrjár næturnar, síðan í fallegum sumarþustað í Fljótavík og loks á Hesteyri.

Allar gönguleiðir er hægt að stytta ef einstakir þátttakendur vilja. Ef fólk vill kanna getu sína til að fara þessa ferð má prófa það

á eftirfarandi hátt (í Reykjavík):

Hver sem getur á um það bil 8 tímum gengið frá Lækjartorgi að Perlunni og þaðan göngustíginn út á Seltjarnarnes með matarbita og hlífðarföt í poka á bakinu, getur ohikað farið í þessa ferð.

Vestfirskir útilegumenn stýra för

Leiðsögumaður er Gísli Hjartarson ritstjóri á Ísafirði, sem eftir margra áratuga sumardvalir á svæðinu er meðal allra kunnugustu og fróðustu manna um þessar slóðir, en hann hefur auk þess skrifað fjölda greina um ferðalög á Hornströndum. Gísli gengur með hópnum og les í landið, segir frá mönnum og málefnum, bæjum og búnaði og glæðir sérstöku lífi þetta stórbrotna eyðiland.

Leiðangursstjóri og kokkur er Úlfar Ágústsson kaupmaður og skipstjóri á Ísafirði, en hann fer með allan farangur leiðangursfólks og matarforða á milli staða á báti sínum Pólstjörnuni. Hann sér til þess að kaffi og heitur grautur og sitthvað fleira bíði þegar ferðalangar koma göngumóðir í áfangastað.

Ferðast er með góðum sérþúnum farþegabát á milli staða. Rétt er að

taka fram að þar sem engar hafnir eru á Hornströndum þarf alls staðar að fara milli skips og land á gúmmítuðrum.

Heilsað upp á bjargfugl og farið í selkjötsveislu

Lengstu gönguferðirnar eru úr Hrafnfirði í Reykjarfjörð, en þá

göngu má stytta um helming með léttari göngu að sjó í Furufirði, og gangan úr Fljótavík að Hesteyri. Henni má sleppa en sigla í staðinn fyrir Straumnes og skoða Aðalvík og Grænuhlíð af sjó og heilsa upp á fuglinn í Stapanum undir Ritnum.

Áhugaverðustu hlutar ferðarinnar eru líklega heimsókn til heimilisfólksins að Dröngum og

selkjötsveislan þar, sund í lauginni í Reykjarfirði og gönguferðir á Hornbjarg og Geirólfsgrnúp. Nánari upplýsingar um ferðatilhögun ásamt myndum úr fyrri ferðum er að finna á heimasíðunni www.vesturferdir.is þar sem smellt er á „Hornstrandaferðir með heimamönnum“.

Sundlaug Vesturbyggðar


Eyrargötu,
Patreksfirði
Sími 456 1523

Opnunartími:



Mánudaga – föstudaga kl. 09:00 - 20:30
Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00 - 15:00

Boðið er upp á heita potta og sauna
Alltaf beitt kaffi á könnunni



Prófaðu PRIMUS

PRIMUS er próteindrykkur, kjörinn fyrir íþróttafólk og aðra sem þjálfar markvisst. Fólk sem stundar reglubundnar æfingar þarf að viðhalda starfsemi vöðva og byggja þá upp eftir erfiðar líkamsæfingar og hefur því meiri próteinþörf en kyrrsetufólk.

PRIMUS hentar þó einnig kyrrsetufólki og þeim sem ekki stunda reglubundnar æfingar því hann inniheldur stóran hluta nauðsynlegs dagskammts af próteinum, vítamínum, steinefnum og trefjum.

PRIMUS er ríkur af mysupróteini, sem þykir öðrum próteinum betra til uppbyggingar á vöðvum.

PRIMUS inniheldur 26–71% af ráðlögðum dagskammti vítamína og steinefna.

PRIMUS uppfyllir 38% af daglegri þörf af trefjum.

PRIMUS inniheldur öll næringar- og bætiefni sem líkaminn þarfnast úr einstökum máltíðum og getur þannig komið í staðinn fyrir staka málsverði.

PRIMUS fæst með jarðarberja-, vanillu- og súkklaðiþragði.


PRIMUS er góður kostur fyrir fólk á öllum aldri sem vill stuðla að bættri heilsu og aukinni vellíðan.

Verði þér að góðu!

MJÓLKURSAMLAG ÍSFIRÐINGA



...vertu í þínu besta formi
www.Primus.is



„Vestfirsku alparnir“ séðir á loftmynd sem tekin er yfir Arnarfirði. Rétt til hægri við miðja mynd er Hrafnseyri en utar með firðinum er Auðkúla. Þjóðvegurinn upp á Hrafnseyrarheiði liggur upp dalinn hægra megin á myndinni. Þeir sem ætla að ganga á Kaldbak aka út með firðinum fram hjá Auðkúlu og allmiklu lengra með ströndinni út í Fossdal.

Gengið á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða

Fjallgarðurinn mikli og hrikalegi milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vestan Hrafnseyrarheiðar þar sem þjóðvegurinn liggur í rúmlega 550 metra hæð yfir sjó, er stundum nefndur Vestfirsku alparnir. Sumir segja að nafngift þessi sé komin frá Hallgrími Sveinssyni staðarhaldara á Hrafnseyri. Meðal fjalla á þessu svæði er Kaldbakur, hæsta fjall Vestfjarða, sem rís upp frá botni Haukadals í Dýrafirði.

Kaldbakur telst 998 metrar á hæð, þannig að meðalmaður sem stendur þar á tindi og réttir upp höndina kemur henni í þúsund metra hæð yfir sjávarmál. Sá fyrirvari skal hafður hér, að hæð fjallsins mun hafa verið mæld fyrir nær hálfri öld og segja fróðir menn um þessi efni, að hugsanlega geti skakkað nokkrum metrum til eða frá ef hæðin yrði mæld með þeirri tækni sem nú er notuð. Væntanlega yrðu sumir Vestfirðingar harla glaðir ef Kaldbakur reyndist fullur kílómetri á hæð.

Auðvelt er að ganga á Kaldbak, þrátt fyrir hæðina, og hann er sléttur að ofan. Útsýni er stórfenglegt og gestabók er geymd í vörðu þar sem fjallið er hæst.

Best er að ganga á Kaldbak Arnarfjarðarmegin eða úr Fossdal sem liggur á milli stórbýlanna fornu, kirkjustaðarins að Álftamýri og Stapadals, en þeir bæir eru nú báðir í eyði. Til að komast út í Fossdal

er ekið sem leið liggur frá Þingeyri yfir Hrafnseyrarheiði og beygt út með Arnarfirði til vesturs við bæinn Auðkúlu (vegamótin rétt hjá Hrafnseyri).

Rétt fyrir utan Auðkúlu er farið framhjá Tjaldanesdal en í honum eru „innviðir“ elstu megineldstöðvar Íslands, Tjaldaneseldstöðvarinnar, sem er um 14 milljón ára gömul. Í fjallinu utan til við Tjaldanesdalinn má sjá keiluganga sem þekktir eru í námunda við nokkrar gamlar eldstöðvar hér á landi. Ekið er eftir Baulhúsaskriðum fram hjá eyðibýlinu Baulhúsum og áfram hjá Hlaðsbót þar sem stunduð var lausakaupmennska, útgerð og fiskvinnsla fyrr á tímum. Áfram er haldið fram hjá Álftamýri og beygt inn í Fossdal og bíllinn skilinn eftir í botni dalsins.

Úr botni Fossdals er auðveldast að ganga á Kaldbak. Fyrst er gengið upp í skarð sem er á milli Fossdals í Arnarfirði og Meðaldals í Dýrafirði. Skarð þetta er í um 550 m hæð. Þaðan er fjallsöxlinni fylgt alla leið upp á topp. Þetta getur ekki talist mjög krefjandi ganga en tekur samt í. Um nokkra lága kletta er að fara en ekkert sem orð er á gerandi.

Gangan upp gæti tekið um einn og hálfan klukkutíma, allt eftir formi hvers og eins. Af Kaldbaki er afar víðsýnt og auðvelt er að telja sér trú um að þaðan sjáist til



Á þessari mynd er horft inn Haukadál í Dýrafirði. Kollurinn til vinstri á myndinni er Kaldbakur, hæsta fjall Vestfjarða, en fjallsgnípan til hægri er Koltursborn. (Myndir með þessari samantekt: Hjálmar R. Bárðarson).

Grænlands. Arnarfjörður og Dýrafjörður blasa við á sína hönd hvor hið næsta en sjóndeildarhringurinn er mjög víður.

Í Arnarfirði má meðal annars sjá Ketildali, Suðurfirðina sem varðaðir eru af Hornatánnum og Langanesið þar sem sýslumörk liggja milli Barðarstrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu. Í vestur má sjá Kópinn, Blakkinn og núpana við Víkurnar. Í suðvestri eru Látrabjarg og Skarðanúpurinn þar sem Napinn gnæfir upp úr.

Dýrafjarðarmegin blasir við

Fjallaskagi þar sem útræði Dýrfirðinga var öldum saman, Barðinn, Gnúpurinn (Núpur), Mýrar og Gemlufall. Beint undir fótum manns liggur Haukadalur, aðalsögusvið hinnar magnþrungnu Gísla sögu Súrssonar. Í norðaustri allfjarri sér á Drangajökul, sunnan til við hann á Kaldbaksfjöllin á Ströndum og yfir Húnaflóann á fjöllin þar.

Í suðri er Snæfellsnes með sínum fjölbreytta fjallgarði og Jöklinum dulmagnaða yst.

Þegar nóg hefur verið litast um

héðan af þaki Vestfjarða, rifjuð upp örnefni og sögubrot og nestinu gerð skil, er haldið af stað niður og farin sama leið niður í skarðið. Úr skarðinu er síðan gengið eftir fjallshlíð og yfir í annað fjallaskarð (Kvennaskarð) sem er á milli Kirkjubólssdals í Dýrafirði og Fossdals. Þaðan er gengið að bæjum niður í Kirkjubólssdal. Ef áhugi er fyrir hendi er hægt að fylgja tröllagötunum að Múla og Ljúka göngunni þar í öðrum firði en hún var hafin.

Svo er bara að sækja bíllinn ...



HÓPFERÐAMÍÐSTÖÐ VESTFJARÐA

Sindragötu 3
Sími 456 4314



Nýtt fyrirtæki í ferðapjónustu á Vestfjörðum. Góð og gróin fyrirtæki hafa nú sameinað krafta sína í eina öfluga hópferðamiðstöð. Fjölbreytt úrval hópferðabíla Reyndir bílstjórar tryggja gæðin!

Gamla gistihúsið

Mánagötu 5, 400 Ísafjörður



☎ : 456 4146

Gsm: 897 4146

e-mail: fmg@snerpa.is

<http://www.gistihus.is>

**ALLIR BÍLAR MEÐ
ÖRYGGISBELTI**

**HÓPFERÐIR FYRIR
HVERN SEM ER
HVERT SEM ER
HVENÆR SEM ER**



FERÐAFÓLK

Verið velkomin í Ljónið
Kaffi á könnunni



Opnunartímar: Mánudaga til fimmtudaga kl. 10-18, föstudaga kl. 10-19
og laugardaga kl. 10-16

Hvað er „menningar- tengd ferðaþjónusta“?

Eflaust hafa ýmsir velt því fyrir sér hvað átt er við með hugtakinu „menningartengd ferðaþjónusta“, sem víða hefur skotið upp kollinum á síðustu árum. Mörgum verður væntanlega hugsað til menningar-efnis af ýmsum toga sem Vestfirðingar hafa verið mjög áhugasamir að sjá og flytja og aðrir notið að sjá og heyra. Þar má nefna marg- víslega tónlistarviðburði, leiksýn-

ingar og myndlistarsýningar, að ógleymdum sýningum á söfnunum okkar. Þetta er hin hefðbundna menning og mjög meðvituð í þjóð-ársálinni.

Samfélagsbreytingarnar og handverkið

Fyrir fáum árum hófst áttak til að vekja áhuga fólks á handverki.

Samfélagsbreytingar höfðu valdið því, að margar gömlu handverks- aðferðirnar við gerð áhalda og nytjavöru, sem varðveist höfðu mann fram af manni, voru í þann veginn að gleymast.

Vestfirsk handverkskunnátta var alltaf talin standa mjög framarlega og þá sérstaklega í trésmíði, út- skurði og þrjóni og gerð hlífðar- fatnaðar og veiðarfæra fyrir sjó-

róðramenn. Handverkið hafði pró- ast með lífinu í landinu og byggðist á fornum vinnubrögðum sem gengu milli kynslóðanna. Var handverkið mjög samtvinnað lífsafkomu okkar og í raun stór hluti þess mergjar sem við stöndum á í dag.

Saga lands og lýðs

Einn er sá hluti menningararfs- ins, sem stöðugt er verið að horfa meira til. Það er sagan, saga þjóð- arinnar, sem er annar hluti þess mergjar sem við stöndum á.

Þann hluta sögu okkar, sem að- ilar í ferðaþjónustu nýta sér, er farið að nefna „menningartengda ferðaþjónusta“. Eðlilegt er að þeir sem ekki eru tengdir ferðaþjónust- unni spyrji: „Hvað er menningar- tengd ferðaþjónusta?“

Nefnd um menningartengda ferðaþjónustu, sem núverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, veitti á sínum tíma for- stöðu, leggur til í stefnumörkun sinni að menningartengd ferða- þjónusta verði skilgreind á eftir- farandi hátt:

Menningartengd ferðaþjónusta verði skilgreind sem sérstök grein ferðaþjónustunnar, menningar- ferðir, sem hafi það að markmiði að kynna og auka skilning á menningarlegrri sérstöðu þjóðarinnar í nútíð og fortíð.

Íslensk ferðaþjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstöðum, íslenski náttúru og íslenski menningu, og samverkun þessara þátta. Megináhersla verði lögð á að kynna náttúru landsins og gagnkvæm áhrif menningar og náttúru.

(Úr skýrslu um menningar- tengda ferðaþjónustu. Samgöngu- ráðuneytið, ágúst 2001.)

Verðmætin í kringum okkur

Sú mikla umræða sem orðin er í þjóðfélaginu um menningartengda ferðaþjónustu ætti að opna augu okkar sem búum á Vestfirðum enn betur. Við þurfum að vera meðvituð um verðmætin umhverfis okkar og þá miklu möguleika sem í þeim felast. Við höfum áþreifan- legar staðreyndir og má þar taka Ósvör í Bolungarvík og Skrúð í Dýrafirði sem dæmi.

Ósvör er stórmerkilegt safn en ekki síður fræg fyrir „vermanninn“ sem tekur á móti ferðafólkinu. Hann leiðir gestina um verstöðina, lýsir aðstæðum og útbúnaði vermannanna og matræðskonunnar (fanggæslunnar) og glæðir söguna lífi sem er ógleymanleg öllum sem á hlýða.

Lystigarðurinn Skrúður í Dýra-



Pórir Örn Guðmundsson.

firði er einstakur í sinni röð. Saga hans er samtengd sögu Héraðs- skólans að Núpi en séra Sigtryggur Guðlaugsson stofnaði bæði skól- ann og Skrúð. Tilgangur hans með garðinum var bæði að komast að raun um hvaða jurtir gætu þrífist á Vestfirðum og jafnframt að stuðla að áhuga nemenda á ræktun og neyslu grænmetis. Tegundafjöldi þeirra jurta og trjáa sem þar vaxa vekur undrun allra sem heimsækja garðinn.

Slóðir Gísla Súrssonar


Greinarhöfundur hefur frá unga aldri haft áhuga á íslensku forn- sögunum og hefur um árabil farið með ferðafólk um slóðir Gísla sögu Súrssonar í Haukadal í Dýrafirði. Ég hef notið þess mjög að fara um dalinn, rifja upp söguna og ræða við göngufólk um atburði hennar og afleiðingar þeirra. Mjög margir hafa komið með mér í þessar ferðir um Gíslaslóðir – unglingar úr grunnskólum Vestfjarða, íbúar svæðisins, ferðafólk sem leið hefur átt um og fræðimenn á borð við dr. phil. Jónas Kristjánsson, forstöðu- man Árnastofnunar. Ekki hef ég orðið var við annað en sögunni sé vel tekið og eftirtektarvert er hve unga fólk sýnir henni mikinn áhuga.

Ekki hefur greinarhöfundur hlotið sérstaka menntun á sviði forn- bókmennta eða sagnfræði og segir hann því söguna á þann hátt sem hann hefur sjálfur þróað. Oft hefur mér fundist ég fremur vera „sögu- maður“ en leiðsögumaður í ferðum mínum.

Hverjir eru best fallnir til að segja söguna?

Ög þá kem ég að kveikjunni að þessum skrifum mínum um menningartengda ferðaþjónustu. Hverjir eru best til þess fallnir til að segja sögu Vestfjarða og Vestfirðinga? Ég tel að það séu tvímælalaust „við“ – Vestfirðingarnir sjálfir, sem sprottinn erum úr þessari mold og aldri upp við að heyra um lífs- baráttu foreldra okkar og forfedra. Við höfum drukkið í okkur söguna með móðurmjólkinni og erum í raun og veru hluti af henni.

Mjög mikið er til af merkilegum sögum og sögnum sem eiga sér vettvang á Vestfirðum. Þetta veit ég meðal annars af samtölum mínum við fólk víða um fjórðunginn. Ýmsar af Íslendingasögnum gerast að stórum hluta hér. Sturlunga





Gönguferð milli Aðalvíkur og Hesteyrar

Vesturferðir á Ísafirði hafa í nokkur ár boðið upp á eins dags gönguferð fyrir þá sem vilja ganga á Hornstöndum en eru ekki mikili fyrir að sofa í snjádum svefnpokum og vakna svo blautir að ekki er ljóst hvað snýr upp eða niður. Farið er með bát frá Ísafirði að Sæbóli í Aðalvík, þaðan gengið að Stað og komið við í kirkjunni, haldið áfram upp Fannadal og inn Hesteyrarbrúnnir að Hesteyri.

Í ferðinni er gefinn nægur tími til virða fyrir sér útsýnið enda ærin ástæða til þar sem á þessari leið er víðsýnt um Djúp og Jökulfirði og upp á Drangajökul. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðunni www.vesturferdir.is eða í síma 456 5111. Lágmarksfjöldi í ferð er fimm manns.

stendur föstum fótum á Vestfjörðum. Mjög margir stórvíðburðir Íslandssögunnar eru tengdir Vestfjörðum.

Margt er hér af hæfu fólki til að taka utan um sögurnar og söguna, raða upp víðburðum og segja þakk-látum ferðamönnum frá.

Miklir möguleikar fyrir ferðapjónustuna

Ég er sannfærður um að margir geti nýtt sér þá miklu möguleika sem sem þessi grein ferðapjónustunnar hefur að bjóða. Ég hvet fólki eindregið til að velja þessum möguleikum fyrir sér. En til að ná góðum árangri er góð samvinna nauðsynleg. Einyrkjar í greininni þurfa að vinna náið með stærri fyrirtækjum svo að samstæð heild myndist.

Þótt hugtakið „menningartengd ferðapjónusta“ sé ekki það þjálasta í munni, þá venst það með tímanum. Ég vil enn á ný hvetja alla til að nýta sér þá atburði sem í boði eru í þessum geira ferðapjónustunnar og njóta þeirra vel. Um leið og ég þakka lesturinn óska ég Vestfirðingum öllum og gestum þeirra gleðilegs sumars.

Þórir Örn Guðmundsson er svæðisleiðsögumaður um Vestfirði og áhugamaður um sjálfbæra ferðapjónustu. Hann er búsettur á Þingeyri.

Handverkshús og handverkshópar – gripirnir eru sérstæðir og nöfnin líka


Handverkshús af ýmsu tagi hafa sprottið upp í mörgum byggðum Vestfjarða á undanförunum árum. Þar er unnið úr margvíslegum efnum sem náttúran gefur, hvort sem það er úr dýraríkinu, steinaríkinu eða jurtaríkinu og hvort sem jurt-

irnar eru sprottnar í vestfirskri jörð eða hafreknar langan veg á vestfirskar fjörur.

Nöfnin á þessum handverkshúsum og handverkshópum eru mörg af sérkennilegra taginu, oft tveggja atkvæða kvenkynsorð sem enda á

-a, svo sem Assa, Drymla, Grúska, Koltra og Purka. Líka eru til Kört og Karitas, Strandakunst og Gallerí Ísafold, Steinar og málmar og Rammagerð Ísafjarðar. Eða einfaldlega Handverkshúsið. Og hér er vissulega ekki allt upp talið.

Peir sem vilja finna fallega og gagnlega og sérstæða minjagripa að vestan, eða einfaldlega eitthvað heppilegt til tækifærisgjafa, ættu að leita uppi handverkshús eða handverkshópa á hverjum stað. Allar upplýsingar fást á upplýsingamiðstöðvum ferðamála.



Gullaugu
Hafnarstræti 4 Ísafirði

Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður
Örn Torfason sjónfræðingur

Handsmíðað skart eftir þínum hugmyndum

Upplýsingamiðstöðvar á Vestfjörðum

Auk þeirra upplýsingamiðstöðva sem hér eru nefndar eru ýmsir aðilar í ferðapjónustu á Vestfjörðum sem hafa tiltækar upplýsingar fyrir ferðafólk, svo sem **Hótel Bjarkalundur**, sími 434 7762, **Hótel Flókalundur**, sími 456 2011 og **Flakkarinn á Brjánslæk**, sími 456 2020.

Reykhólum, Samkomuhúsinu, sími 434 7830. **Patreksfirði**, Gallerí Ísafold, Strandgötu 17, símar 456 1316, 456 1119, 895 7175 **Tálknafirði**, við sundlaugina, sími 456 2639. **Ísafirði**, Edinborgarhúsi sími 456 5121.

Bankar og sparisjóðir á Vestfjörðum

Patreksfjörður: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 450 2500.

Tálknafjörður: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 456 2551.

Bíldudalur: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 456 2118.

Þingeyri: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 456 8119.

Flateyri: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 450 7600.

Súðureyri: Sparisjóður Bolungarvíkur, sími 456 6155.

Bolungarvík: Sparisjóður Bolungarvíkur, sími 450 7100.

Ísafjörður: Íslandsbanki, sími 440 3140, Landsbanki Íslands, sími 450 5500, Sparisjóður Vestfirðinga, sími 456 5388.

Súðavík: Sparisjóður Vestfirðinga, sími 456 4888.

Laugardagslabbi í Skutulsfirði

Í nágrenni Ísafjarðar eru margar gönguleiðir, miserfiðar en allar mjög skemmtilegar. Í sumar standa Vesturferðir fyrir gönguferðum á laugardögum um nokkrar af þessum fjölmörgu gönguleiðum milli fjallanna við Skutulsfjörð.

Það er tilvalið fyrir heima-

menn jafnt sem ferðafólk að skella sér í laugardagslabbi með leiðsögn, virða fyrir sér náttúruna og njóta hrikalegrar fegurðarinnar aðeins steinsnar frá miðbæ Ísafjarðar. Farið verður alla laugardaga frá 15. júní til 17. ágúst en nánari upplýsingar fást hjá Vesturferðum.

Reyndir og sérhæfðir svæðisleiðsögumenn

Á Vestfjörðum eru allmargir svæðisleiðsögumenn búsettir og starfandi. Þeir hafa mikla reynslu í leiðsögn um ákveðin svæði og sérþekkingu á þeim og hafa auk þess stundað nám og lokið prófum í svæðisleiðsögn.

Peir sem vilja fá slíka leið-

sögumenn til fylgdar með stærri eða smærri hópum, innlendum eða erlendum, geta fengið nánari upplýsingar á upplýsingamiðstöðvum á Vestfjörðum og látið þær hafa milligöngu um útvegum leiðsögumanna.



Vestfirðir eru miðstöð kajakmennta á Íslandi

Vestfirðir hafa á undanförunum árum unnið sér þann sess að verða Mekka eða draumasvæði kajakraðara á Íslandi. Þar eru sumir af bestu ræðurum og kajaklistakennurum landsins. Þangað koma reyndir kajakraðarar til að ferðast um fjölbreyttara svæði en þeim gefst annars staðar kostur á. Og þangað koma óreyndir kajakraðarar til að læra listina og allt sem kajakróðri og kajakferðum viðkemur. Kajakaleigur eru reknar á nokkrum stöðum á Vestfjörðum.

Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir eru óskaland (eða óskasjór) kajakmanna. Þar eru leiðir og áfangastaðir við allra hæfi. Þaulvanir ræðarar og útivistar-

menn láta sér þau svæði hins vegar ekki alltaf nægja, heldur róa þeir norður fyrir Hornstrandir og damla árinna í lögnum sjó undir stórbrotnustu standbjörgum landsins, Hornbjargi og Hælavíkurbjargi, á meðan himinninn logar í miðnætursólarbáli norðurslóða.

Þeir sem vilja komast í samband við vestfirska kajakraðara, kennara og leiðsögumenn og vita meira um þá fjölbreyttu og spennandi möguleika sem bjóðast, ættu endilega að hafa samband sem allra fyrst við upplýsingamiðstöðvar ferðamála eða Vesturferðir á Ísafirði. Þar eru líka allar upplýsingar um kajakaleigurnar.



Gunnar Hólm Sumarliðason og harmonikufélagarnir Pétur Bjarnason, Ásgeir S. Sigurðsson og Ingi Jóhannesson.

Landsmót harmonikufélaga haldið á Ísafirði

Landsmót harmonikufélaga sem er geysifjöldmenn samkoma verður haldið á Ísafirði dagana 4.-7. júlí (frá fimmtudegi til sunnudags). Harmonikufélag Vestfjarða stendur að þessu sinni að landsmótinu sem haldið hefur verið á þriggja ára fresti á ýmsum stöðum víða um land um langt skeið.

Á landinu munu vera starfandi 19 harmonikufélög. Langflest þeirra hafa tilkynnt þátttöku og búist er við því að um eða yfir 700 manns muni heimsækja Ísafjörð vegna mótsins. Auk þess sem gestir dveljast á ýmsum gístaðum á Ísafirði munu margir koma til mótsins á húsbílum eða með tjaldvagna og hjólhýsi.

Mikill áhugi hérlandis og erlendis

„Ég hef orðið var við geysilega

mikinn áhuga á mótinu. Fjallað hefur verið um það í erlendum harmonikublöðum og við höfum fengið fyrirspurnir frá útlendingum sem vilja koma. Ísland hefur á undanförunum árum verið að komast á kortið sem harmonikuland“, segir Ásgeir S. Sigurðsson á Ísafirði, formaður Harmonikufélags Vestfjarða.

Dagskrá landsmótsins er afar vegleg en stjórnandi þess verður Pétur Bjarnason, fyrrum fræðslustjóri Vestfjarða og kunnur harmonikuleikari. Fjölbreytt tónleikahald verður í íþróttahúsinu á Torfnesi en þar leika öll harmonikufélögin sem taka þátt í mótinu.

Nýtt landsmótslag eftir BG

Föstudagskvöldið 5. júlí verða harmonikudansleikir á þremur stöðum í bænum þar sem mótsgestir leika fyrir dansi. Hápunktur mótsins verður þó við setningarháttíðina á Silfurtorgi eftir hádegi á föstudag, þegar allir gestirnir (ásamt gestgjöfunum) sameinast um að spila sérstakt landsmótslag (Landsmót 2002), sem Baldur Geirmundsson á Ísafirði hefur samið og útsett af alunnri sníld. Einnig má búast við miklu fjöri á risadansleik í íþróttahúsinu á Torfnesi að kvöldi laugardagsins 6. júlí, þar sem dansað verður við harmonikutónlist fram á rauða nótt.

Tveir erlendir gestaspilarar, þau Annika Andersson, sem kjörin var

harmonikuleikari ársins 1999 í Svíþjóð, og Lars Karlsson, sem kjörinn var harmónikuleikari síðasta árs þar í landi, munu koma fram á mótinu. Ásgeir segir að þau hafi glöð viljað koma á mótinu, ekki síst vegna aukins áhuga erlendra harmonikuleikara á Íslandi.

Harmonikusafn

Ásgeirs S. Sigurðssonar

Á fyrsta degi mótsins opnar Ásgeir S. Sigurðsson harmonikusafn sem hann hefur verið að koma sér upp á undanförunum árum. Ásgeir hefur skrásett sögu hvernar harmoniku í safninu og verður þar hægt að skoða marga fágæta dýrgrip og fræðast um þá í leiðinni.

Plötusafn Sigurjóns á Hrafnabjörgum

Annar merkur viðburður á landsmótinu verður sýning Sigurjóns Samúelssonar á Hrafnabjörgum í Djúpi á hluta af hinu landsfræga og stórmerkilega plötusafni sem hann hefur komið sér upp með margra áratuga eljustarfi. Hann mun einnig leika af gömlum hljómplötum fyrir sýningargesti, meðal annars fágætar upptökur frá fyrstu árum síðustu aldar, aðallega harmonikutónlist eins og tækifærinu hæfir. Eins og menn vita er Sigurjón hafsjór af fróðleik um plötuútgáfu og músik og ekki síst harmonikutónlist.



Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum með bluta af plötusafni sínu.

Íslensk handunnin gjafavara í miklu úrvali



RAMMAGERÐ ÍSAFIJARÐAR

Aðalstræti 16 – Ísafirði

Sími 456 3041

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 11-14

– Miklu meira en þig grunar –



Ekki bera allt einn

Leyfðu
að bera **OKKUR**
ábyrgðina
með þér

Eftir því sem tíminn líður stækkar fjölskyldan og eignir hennar aukast. Um leið eykst ábyrgðin sem við berum hvert og eitt. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að njóta bestu tryggingaverndarinnar á hverjum tíma. Þar er VÍS í broddi fylkingar,

m.a. með F plús fjölskyldutryggingunni, sem er viðameiri og vídtækari fjölskyldutrygging en nokkur annar býður.

Við erum ávallt reiðubúin til að tvöfalda öryggi þitt - með því að bera ábyrgðina með þér.

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, **Þjónustuver 560 5000**, www.vis.is



þar sem tryggingar
snúast um fólk

Siglingadagar 2002 við Ísafjarðardjúp

Sumarið 2000 voru Siglingadagar haldnir í fyrsta sinn á og við Ísafjarðardjúp og verða þeir nú haldnir í þriðja sinn. Tilgangur þessarar hátíðar er að stefna saman áhugafólki um siglingar af hvaða tagi sem er, jafnt hér á landi sem og erlendis. Á þessu móti sem stendur tvær helgar í júlí eru meðal annars námskeið í kajakróðri, ferðir um svæðið og keppni á bátum.

Ástæðan fyrir því að mótið er haldið hér er einföld. Í nágrenni Ísafjarðar eru stórkostleg svæði til hvers konar siglinga, lygnir eyði-

firðir og eyjar, ríkulegt fuglalíf og mikið um sjávarspendýr. Hátíðin hefur vaxið og dafnað milli ára, ekki síst þar sem kajakáhugi hefur aukist mikið á Íslandi á síðustu árum. Þannig verða Siglingadagar 2002 veglegri en fyrri hátíðir.

Meðal dagskrárliða eru námskeið í sjókaðsiglingum hjá reyndustu kajakræðurum Íslands, námskeið í siglingum seglbáta af ýmsum stærðum og keppni í sjókaðsiglingum þar sem leysa verður ýmis verkefni og þrautir meðan á keppni stendur.

Hluti Siglingadaga er bátaballið í Ögri við Ísafjarðardjúp. Einnig er von á grænenskum snillingum frá Nanortalik, vinabæ Ísafjarðarbæjar í Grænlandi, til að sýna réttu handtökin og vera með námskeið í smíði á grænenskum húðkeipum.

Í lok Siglingadaga verður skemmtun í Tjörúhúsinu í Neðsta-kaupstað á Ísafirði, elsta timburhúsi á Íslandi. Nánari upplýsingar um Siglingadaga 2002 veitir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, í síma 450 8000.

Ferðafólk!
Verið velkomin
til Súðavíkur



Við opnum snemma og lokum seint alla daga vikunnar

Fjölbreytt úrval af matvörum og öðrum neysluvörum



HAMRABORGEHF.

HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

Hótel Djúpavík

býður ykkur velkomin.

Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og kajakleiga.

Sími 451 4037 • Fax 451 4035

<http://www.djupavik.com>



Gistiheimili Áslaugar

**Gistiheimili Áslaugar
og Faktorshúsið í Hæstakaupstað**

Sími 456 3868 – Símbref 456 4075

Farsími 899 0742

Netfang: gistias@snerpa.is

Veffang: www.randburg.com/is/aslaug.html



Hótel Bjarkalundur í Reykhólasveit. Ljósmynd: Hjálmar R. Bárðarson.

Bjarkalundur við Berufjörð

Hótel Bjarkalundur í Reykhólasveit er gamalgróinn og vinsæll áningarstaður og dvalarstaður á einhverju fegursta landsvæði Vestfjarða. Eins og undanfarin ár verða haldnar þar nokkrar hátíðir og skemmtanir um helgar í sumar.

Bjarkalundur stendur rétt við þjóðveginn vestur á firði, á eiginu milli Berufjarðar og Þorskafjarðar. Frá Bjarkalundi er „stutt í allar áttir“ og fjölmargar gönguleiðir við allra hæfi. Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa gefið út ýmis kort og handhægar leiðarlýsingar á þessu svæði.

Skammt frá Bjarkalundi er afleggjarinn til Reykhóla, sem liggur

m.a. um hina blómfögru Barmahlíð: Hlíðin mín fríða / hjalla meður græna / og blágresið blíða / og berjalautu væna, eins og Jón skáld Thoroddsen komst að orði.

Rétt hjá Bjarkalundi er Berufjarðarvatn, en úr því rennur Alifiskalækur út í Þorskafjörð. Nafn þessa lækjar er þekkt úr íslenskum fornritum og fyrsti vitnisburður um fiskirækt á Íslandi (og þó víðar væri leitað).

Meðal merkilegra og fallelgra náttúrufyrirbæra í næsta nágrenni við Bjarkalund má nefna Borgarland milli Berufjarðar og Króksfjarðar. Þar eru sérkennilegar bergmyndanir, minjar um forna eld-

virgni. Mikið ber á Bjartmarssteini eða Þjattarsteini, sem er kaupstaður álfa, gígtappi sömu ættar og Vaðalfjöllin svokölluðu upp af Bjarkalundi. Þau eru reyndar ekki fjöll í venjulegum skilningi, heldur tveir samvaxnir gígtappar sem setja mikinn svip á umhverfið.

Frá Bjarkalundi upp að Vaðalfjöllum er ljúf gönguferð fyrir alla. Þar má skoða þessa stórfenglegu náttúrusmið og svo geta sumir farið alla leið upp og notið hins einstæða útsýnis úr rúmlega 500 metra hæð. Þar sér niður á Þorskafjörðurinn en við fjarðarbotninn voru Kollabúðafundur haldnir á 19. öld.

Bryggjuhátiðin – árleg fjölskylduhátíð á Drangnesi

Bryggjuhátiðin er fastur liður á Drangnesi á hverju ári, alltaf sömu helgina í júlí. Flestir íbúarnir á Drangnesi, þessu litla og notalega þorpi við Steingrímsfjörðinn, taka

þátt í hátíðinni og leggja metnað sinn í að gera hana að sannkallaðri fjölskylduskemmtun þar sem allir aldurshópar fá eitthvað við sitt hæfi.

Alltaf fjölgar þeim gestum sem koma og taka þátt í hátíðinni og hinum fjölmörgu viðburðum hennar. Á Drangnesi er gott tjaldsvæði og ekki má gleyma heitu pottunum.

Nokkur helstu söfnin

Sjóminjasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði

Yfirgripsmikið sjóminjasafn í „Turnhúsinu“, einu fjögurra gamalla og uppgerðra húsa í „Neðstakaupstað“ á Skutulsfjarðareyri (gamla bænum á Ísafirði). Neðstakaupstaður er best varðveitta þyrping timburhúsa frá síðari hluta 18. aldar hér á landi. Þar voru bæktistöðvar erlendra kaupmanna en nú eru þar safngripir innandyra og utan.

Neðstakaupstaður er fjögur hús sem voru friðlýst árið 1975. Turnhúsið var reist árið 1784 og var notað sem pakkhús og fiskverkunarhús. Annað gamalt pakkhús er Tjörúhúsið sem er jafnframt elsta húsið í þessari þyrpingu eða frá 1751. Hin tvö húsin eru Krambúðin frá 1751 og Faktorshúsið sem var reist árið 1765 sem íbúðarhús verslunarstjórans (faktorsins).

Bæjar- og héraðsbókasafnið – Héraðsskjalasafnið á Ísafirði

Skjala-, bóka- og ljósmyndageymslur í Gamla sjúkrahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði. Safneindir eru á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, auk minni deilda á Hrafnseyri, Höfða í Dýrafirði, á Ingjaldssandi og í Holti í Önundarfirði.

Listasafn Ísafjarðar

Listasafnið var stofnað árið 1983 og á nú um 100 listaverk. Ætlunin er að setja upp myndlistarsýningu í Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði sem búið er að lagfæra að mestu leyti og verður framvegis Safnahús Ísafjarðar. Sum listaverk safnsins eru til sýnis víðs vegar um bæinn.

Ósvör í Bolungarvík

Endurgerð verbúð, hjallur, salthús, spil, fiskreitir og sexæringur frá seinni hluta 19. aldar (lokum árabátatímabilsins). Staðurinn ber með sér blá liðinna tíma og geysifróður leiðsögumaður segir frá og gerir safnið hið lífligasta. Safngripir eru bæði innan dýra og utan. Inni eru gögn og búnaður sem tilheyra tímum árabátanna, eins og skinnklæði sjómanna og ýmis verkfæri og munir sem voru nauðsynlegir vermönnum til daglegra nota. Geir Guðmundsson safnvörður er oft í skinnklæðum og fiskur hangir í trönum.

Vigur í Ísafjarðardjúpi

Eyjan Vigur er viðfræg enda má segja að hún sé eitt allsherjar safn. Einn bóndi er í Vigur ásamt stórfjölskyldu sem stundar hefðbundinn búskap og æðardúntekju. Í Vigur má finna einu vindmyllu landsins. Þar er hið vel þekkt Viktoríuhús frá 19. öld sem nýlega hefur verið endurbætt og nýttist nú ferðamönnum. Vesturferðir sjá um skipulagningu á ferðum út í Vigur. Farið er daglega frá Ísafirði á sumrin.

Minjasafn Jóns

Sigurðssonar á Hrafnseyri

Jón Sigurðsson forseti fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811 en hann varð einn helsti fræðimaður þjóðarinnar og jafnframt forystumaður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Á Hrafnseyri er ljósmyndasýning um líf og starf Jóns, endurgerður fæðingarþær hans (burstabær) og þar er einnig að finna gripi, bækur, myndir og aðra markverða hluti úr eigu hans. Kaffi og með því í notalegu umhverfi.

Minja- og flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti

Fjölbreytt minjasafn að Hnjóti í Örlygshöfn við sunnanverðan Patreksfjörð, þar sem áhersla er lögð á atvinnutæki fyrri tíma til lands og sjávar á sunnanverðum Vestfjörðum, verkfæri, veiðarfæri og búsaðhöld. Sagan um lífsbaráttu genginna kynslóða og frumherja þess nýja er sögð í máli, myndum og hlutum úr fortíð og fram á okkar daga. Einnig er á

staðnum stórmerkilegt flugminjasafn opnað var árið 2000. Kaffiveitingar og minjagripabúð.

Melódiur minninganna – tónlistarsafn á Bíldudal

Safnið Melódiur minninganna á Bíldudal var opnað í júní 2002. Safnið hefur að geyma tónlist og muni og myndir úr lífi margra þekktara og virtra tónlistarmanna á 20. öld. Hinn vinsæli söngvari Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal hefur komið þessu safni upp af mikilli eljusemi.

Alþjóðlega dúkkusafnið á Flateyri

Brúðusafnið er einn af fyrstu vísunum að nýju safni á Flateyri eftir að minjasafnið þar eyðilagðist í snjóflóðinu árið 1995. Safnið er gjöf þýskra hjóna, sem búsett eru í Berlín. Að hluta til er safninu ætlað að styðja við ferðaþjónustu á Vestfjörðum en öðrum þræði er það tákn fyrir hinar fjölmörgu þjóðir sem eiga fulltrúa sína á Vestfjörðum. Brúðurnar eiga sinn þátt í því að tengja saman ólíka menningarheima og stuðla að skilningi og vináttu milli þjóða.

Safn Samúels Jónssonar í Selárdal

Í Brautarholti í Selárdal við Arnarfjörð bjó listamaðurinn með barnshjartað, Samúel Jónsson (1884-1969). Hér má sjá húsagerðarlist og höggmyndir hins sjálfmenntaða listamanns. Ein og yfirgefin heyja verk hans erfiða varnarbaráttu við náttúruöflin. Þarna getur að líta minjar um stórmerkilega listiðkun hans og húsagerð sem vekur undrun og aðdáun þeirra er staðinn sækja heim. Stofnaður hefur verið félagsskapur sem hefur það að markmiði að varðveita verk Samúels, sem eru flest úr steinsteypu og því farin að láta á sjá.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur – Náttúrustofa Vestfjarða

Um leið og Náttúrustofa Vestfjarða var opnuð í Bolungarvík vorið 1998 var opnað glæsilegt náttúrugripasafn í samtengdu húsnæði. Safnið er hið fyrsta sinnar tegundar á Vestfjörðum en sýningar-salurinn er yfir 300 fermetrar og góð aðstaða til að taka á móti hópum. Náttúrugripasafnið í Bolungarvík er tileinkað minningu Steins Emilssonar jarðfræðings, sem lengi var skólustjóri í Bolungarvík. Steinasafn hans er uppistaðan í steinasýningu safnsins, þar sem er gott yfirlit yfir íslenskar steintegundir og bergtegundir.

Spendýrum og fuglum eru gerð góð skil. Þegar inn er komið er gestum heilsað af blöðruselsbrimli og hvítabjörninn er ekki langt undan, umkringdur selum, refum, minkum og fuglum. Á fuglasýningunni eru yfir 160 tegundir fugla.

Gamla smiðjan á Þingeyri

Gamla smiðjan á Þingeyri, sem er bæði eldsmiðja og vélsmiðja, er ein elsta smiðja landsins. Hún er í upprunalegu horfi og ennþá notuð. Gestum er velkomið að líta inn og sjá vélsmiði eins og hún var á fyrri hluta liðinnar aldar og jafnvel fyrr.

Gallerí Slunkaríki á Ísafirði

Slunkaríki er eitt elsta myndlistargallerí á landinu og jafnframt eitt hið virtasta. Lögð er áhersla á að sýna framsækna myndlist og verk ungra myndlistarmanna en sýningar eru um tólf á ári.

Kört í Trékyllisvík

Minja- og handverkshúsið Kört í Trékyllisvík er byggt að mestu leyti úr rekaviði. Þar er mjög skemmtilegt lítið minjasafn, þar sem meðal annars eru til sýnis ýmsir fágætir gripir úr héraðinu og víðar allt frá miðöldum til okkar daga. Einnig er handverk heimafólks til sýnis og sölu, unnið úr ýmsum efnum úr náttúrunni, svo sem rekaviði, steinum, hvalbeinum og öðru.

Nokkrar vegalengdir

| | |
|----------------------------------|--------|
| Reykjavík - Hólmavík | 273 km |
| Reykjavík - Ísafjörður | |
| - um Bröttubrekku og Barðaströnd | 457 km |
| - um Steingrímsfjarðarheiði | 496 km |
| Reykjavík - Bjarkalundur | 215 km |
| Reykjavík - Patreksfjörður | 403 km |

Frá Hólmavík

| | |
|---------------------------|--------|
| Árnes í Trékyllisvík | 101 km |
| Bjarkalundur | |
| - um Tröllatunguheiði | 50 km |
| Brú í Hrutafirði | 115 km |
| Djúpavík | 74 km |
| Drangnes | 37 km |
| Ísafjörður | 224 km |
| Laugarhóll í Bjarnarfirði | 30 km |

Frá Ísafirði


| | |
|--------------------------|--------|
| Arnardalur | 13 km |
| Bíldudalur | 144 km |
| Bjarkalundur | |
| - um Barðaströnd | 242 km |
| - um Ísafjarðardjúp | 226 km |
| Bolungarvík | 15 km |
| Bæir á Snæfjallaströnd | 216 km |
| Djúpmannabúð í Mjóafirði | 135 km |
| Flateyri | 26 km |
| Flókalundur | 116 km |
| Hnífsdalur | 4 km |
| Hólmavík | 224 km |
| Hvítanes við Djúp | 74 km |
| Melgraseyri | 195 km |
| Núpur í Dýrafirði | 38 km |
| Patreksfjörður | |
| - um Barðaströnd | 178 km |
| - um Bíldudal | 172 km |
| Reykjanes við Djúp | 172 km |
| Suðureyri | 23 km |
| Súðavík | 22 km |
| Vatnsfjörður við Djúp | 164 km |
| Þingeyri | 48 km |

Frá Bjarkalundi

| | |
|--------------------------|--------|
| Búðardalur | 61 km |
| Bæir á Snæfjallaströnd | 88 km |
| Djúpmannabúð í Mjóafirði | 93 km |
| Flókalundur | 126 km |
| Hólmavík | |
| - um Tröllatunguheiði | 50 km |
| Ísafjörður | |
| - um Barðaströnd | 242 km |
| - um Ísafjarðardjúp | 226 km |
| Króksfjarðarnes | 17 km |
| Patreksfjörður | 188 km |
| Reykholar | 15 km |
| Skriðuland í Saurbæ | 26 km |
| Vatnsfjörður við Djúp | 102 km |

Frá Patreksfirði

| | |
|-----------------------|--------|
| Bíldudalur | 28 km |
| Bjarkalundur | 188 km |
| Breiðavík | 49 km |
| Flókalundur | |
| - um Barðaströnd | 61 km |
| - um Bíldudal | 72 km |
| Flugvöllur á Sandodda | 25 km |
| Hnjótur í Örlygshöfn | 37 km |
| Ísafjörður | |
| - um Barðaströnd | 178 km |
| - um Bíldudal | 172 km |
| Látrabjarg | 61 km |
| Saurbær á Rauðasandi | 36 km |
| Tálknafjörður | 16 km |



Djúpvík á Ströndum.

Djúpvík á Ströndum og Djúpvíkurbátíð

Djúpvíkurbátíðin á Ströndum sem jafnan er haldin síðsumars er einstök í sinni röð, þó ekki væri nema fyrir staðinn þar sem hún er haldin. Að þessu sinni verður hátíðin helgina í miðjum ágúst mánuði eða dagana 16.-18. ágúst. Þar verður að venju fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna með tónlist og söng og margvíslegum uppákomum frá föstudegi til sunnudags. Fyrir hátíðinni standa hóteldararnir á Djúpvík, þau Eva og Ásbjörn, og veita nánari upplýsingar í síma 451 4037.

Bryggjur voru gerðar og síldarplön, íbúðarhús og verslanir risu. En svo kom kreppan mikla og skyndilega var allt búið.

Um miðjan fjórða áratug nýliðinnar aldar var önnur atrenna gerð að atvinnumálum á Djúpvík og öllu stærri hinni fyrri. Þá var reist þar risavaxin síldarverksmiðja, stærsta steinsteypa hús sem byggt hafði verið á landinu og búin hinum fullkomnustu tækjum til lýsisbræðslu og mjölvinnslu. Umsvifin voru ávintýralega. En svo hvarf síldin og fólkíð fór burt.

Hótel Djúpvík á Ströndum er eitthvert sérstæðasta hóteli Íslands og þótt miklu víðar væri leitað. Og jafnvel þótt þetta einstæða heilsarshótel (!) á þessum afskekktu stað væri alls ekki þarna, þá væri staðurinn samt fullkomlega þess virði að gera sér þangað ferð.

Eftir standa minnismerkin um þessi miklu umsvif, þar á meðal verksmiðjan mikla, ógnvekjandi og dularfull eins og í bók eftir Enid Blyton. Og „Kvennabraggin“ svokallaði, sem hugsjónahjónin Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson gerðu upp fyrir hálfum öðrum áratug og breyttu í hóteli og reka enn.

Saga Djúpvíkur er ávintýri, í einu orði sagt. Reyndar er iðulega talað um Djúpvíkurbátíðina. Á þessum stað var engin byggð þegar síldarsöltun hófst þar undir lok fyrri heimsstyrjaldar og mikinn fjölda fólks dreif þangað til vinnu víða af landinu.

Náttúrufegurðin á þessum slóðum er einstök og alltaf ný með nýjum árstíma – vetur, sumar, vor og haust. Djúpvík er sérlega heppilegur staður til dvalar fyrir skáld.

Vermaðurinn í Ósvör í Bolungarvík

Skinnklæddi maðurinn í Ósvör í Bolungarvík, íslenski vermaðurinn, fiskimaðurinn, sem þrýddi forsíðu ferðablaðsins í fyrri – með árunum er hann orðinn eitt af þekktustu táknum eða kennileitum Vestfjarða líkt og Hornbjarg eða Jón forseti. Þessi maður sem lítur út fyrir að vera nafnlaus fulltrúi horfinna tíma, tákngervingur frá því löngu fyrir daga kennitalna og greiðslukorta og annarra fyrirbæra af því tagi – hann ber vissulega bæði nafn og kennitölu og hugsanlega einnig greiðslukort í vasanum.

Þetta er Geir Guðmundsson – Geir í Ósvör – og hann er hvort tveggja í senn, safnstjóri og safngripur. Geir tekur á móti gestum í Ósvör í Bolungarvík í búningi sem hæfir staðnum – lifandi minjasafni um útgerðarhætti fyrri tíma á Íslandi.

Bolungarvík er nefnd elsta verstöð Íslands – þar nam land þurfið sundafyllir, sem „setti“ Kvíarmið á Ísafjarðardjúpi, eins og það er orðað í Landnáma-

bók, en þetta orðalag má ef til vill skilja á mismunandi hátt. Og síðan hafa Bolvíkingar róið til fiskjar á sínum litlu bátum, lítið breyttum þangað til fyrsta vélin var sett í íslenskan fiskibát hér vestra fyrir réttum 100 árum – árið 1902 – eða nokkru eftir daga Geirs Guðmundssonar, ef marka má klæðnað hans og allan búnað.

Í safnið í Ósvör kemur mikill fjöldi erlendra ferðamanna á hverju sumri, auk hinna innlendu. Sagt er að Geir eigi það til af þakkaraskap sínum, þegar rúta er að koma með ferðamenn, að sitja grafkyrr við gömlu verbúðina á meðan fólkíð kemur labbandi og uggrir ekki að sér og heldur að þarna hafi verið stillt upp svona ansi raunverulegri brúðu eða gínu í skinnklæðum. Og þá getur gestum brugðið fremur hastarlega þegar brúðan fer allt í einu að hreyfa sig og stendur upp og býður gúmoren.

Bæjarins besta Vestfirðir VESTFIRSKA Fréttaskoðun

Skráðu þig í netklubbinn

16.25.2002

UN BLAÐIÐ | NETFÖNG | ÁSKREFT | AUNGLÝTINGAR | GESTABÓK | LÖFATÖLVUR | FRÉTTASKOT

bb.is - forsíða

Menntaskólanemur gengur vel að fá sumarvinnu

...óðyr og góður kostur!

Vegagerðin auglýsir útböð á vinnu við Hraunveg og Engidalsveg

Íbróttahúsið á Torfnesi lokað fram í júlí vegna viðhalds

Á döfinni

Veðrið í dag

Hálskjólab A 7 m/s, 9°

Veðurávarning

Íþróttahúsið á Torfnesi hefur verið lokað fram í júlí vegna viðhalds og endurbóta á húsinu. Björn Helgason, íbróttakulmi Íslands, sagði að reynt sé að sanna viðbóti á húsinu á þessum árstíma því þá sé ískun innanhússíðna með minnsta málum. Eg hef ekki orðið var við að óánægju gæti með

Vestfirskar heimasíður á bb.is – vefjamiðstöð Vestfjarða

Komið hefur verið upp fjölmörgum vefsíðum (heimasíðum) með upplýsingum um ferðir og ferðaþjónustu á Vestfjörðum, hóteli og gististaði, áningarstaði, söfn og margt fleira áhugavert í fjórðungnum. Þessar vefsíður er að finna á einum stað á einum öflugasta og mest sötta fréttu- og upplýsingavef landsins – www.bb.is – fréttavef Bæjarins besta á Ísafirði.

Til að finna ítarlega skrá þar sem hægt er að smella á vestfirsku vefi er farið inn á undirsíðuna Vestfirskar fréttir (smellur til vinstri á forsíðu bb.is). Þegar komið er þangað inn er skráin í dálkinum hægra megin á síðunni. Til frótleiks um fjölbreytnina skal listinn birtur hér og jafnframt óskað eftir upplýsingum um vestfirskar heimasíður sem hér kann að vanta. Góða skemmtun!

- 3X-Stál ehf. Ísafirði
- Á Eyrinni, veitingastaður á Ísafirði
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.
- Boltafélag Ísafjarðar
- Bolungarvíkurkaupstaður
- Bæjarbókasafnið á Ísafirði
- Café Riis á Hólmavík
- Digi-Film, Ísafirði
- Edinborgarhúsið, Ísafirði
- Félag Álftfirðinga og Seyðfirðinga
- Félag Árneshreppsúa
- Ferðaþjónustan Kirkjuból
- Ferðaþjónustan Reykjanes
- Fiskmarkaður Flateyrar
- Fjarvinnsla.is - Markaðstorg
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fylkir Ágústsson, Ísafirði
- Galdrasýning á Ströndum
- Gámabjónusta Vestfjarða ehf.
- Gamla Apótekið á Ísafirði
- Gamla gistihúsið, Ísafirði
- Gistiheimili Áslaugar
- Gistiheimilið að Bæ,
- Handverksfélagið Karitas
- Harmonikufélag Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ
- Heimasíða Arnfirðingafélagsins
- Heimasíða Góustadaættarinnar
- Heimasíða Hallvarðs súganda
- Hljómsveitin BMX
- Hljómsveitin Gabríel
- Hólmavíkurbreppur
- Hornstrandir ehf. Ísafirði
- Hótel Bjarkalundur
- Hótel Djúpvík, Árneshreppi
- Hótel Ísafjörður hf.
- Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.
- Húsasmiðjan hf. á Ísafirði
- Ingjaldur.is - Vinafélag
- Ísafj. bíó, Sjallinn, Krúsin, Pizza 67
- Ísafjarðarbær
- Ísafjarðardeild RKÍ
- Ísafjarðarkirkja
- Ísó.is – slúður, fréttir, myndir o.fl.
- JC Vestfirðir
- Kaupfélag Hróttfirðinga Borðeyri
- Kirkjuból í Vallbjófsdal
- Kiwanisklúbburinn Básar á Ísafirði
- Kiwanisklúbburinn Þorfinnur
- Kvótaumsýslan ehf. í Bolungarvík
- Körfuknattleiksdeild UMFB
- Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

- Leið ehf., - félag um samgöngumál
- Leikfélagið Hallvarður súgandi
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Lionsklúbbur Patreksfjarðar
- Litli Leikklúbburinn, Ísafirði
- Löggiltir endurskoðendur Vestfj.
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Netagerð Vestfjarða hf. Ísafirði
- Oddi hf. á Patreksfirði
- Orkubú Vestfjarða
- Óshliðarhlaupið
- Patreksfjörður.is
- Póllinn hf. Ísafirði
- Póls hf. Ísafirði
- Rammagerð Ísafjarðar
- Shiitake sveppasíðan, Önundarfirði
- Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar
- Skíðafélag Ísfirðinga
- Skíðasvæði Ísfirðinga
- Skipsbækur Guðmundar Einars.
- Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar
- Slunkaríki, Ísafirði
- Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
- Sorpendurvinnslan Funi, Ísafirði
- Sparisjóður Bolungarvíkur
- Sparisjóður Vestfirðinga
- Stekkir ehf. Hnífsdal
- Stjörnubílar á Ísafirði
- Súðavíkurbreppur
- Suðureyri.is - Fréttir og afþreying
- Sumarbyggð ehf., í Súðavík
- Sumarhúsaleiga AK
- Sundfélagið Vestri
- Sögusmiðjan
- Tálknafrjarðarbreppur
- Teiknistofan Kol & salt ehf.
- Tónlistarsafn Jóns Kr. Ólafssonar
- Tónlistarskóli Ísafjarðar
- Tölvuvinnslan á Patreksfirði
- Tölvuþjónustan Bolungarvík ehf.
- Unnur ehf. fiskvinnsla, Þingeyri
- Útgáfufélag Búnaðarsamb. Vestfj.
- VEG-gisting Suðureyri
- Verslunin Núpur, Ísafirði
- Vestfirðir - allt á einum stað
- Vestfirskt handverk á Patreksfirði
- Vestfjarðavefurinn
- Vesturferðir ehf. Ísafirði
- Vesturvegur, Bolungarvík
- Voice Era í Bolungarvík



Gamla fallega húsíð við Aðalstræti þar sem Dagný Prastardóttir er með gallerí og vinnustofu.

Margt fleira en rammar í Rammagerð Ísafjarðar

Í Miðkaupstað á Ísafirði er Rammagerð Ísafjarðar í reisulegu nýppgerðu húsi, rétt hjá Póst-húsinu við Aðalstræti. Húsíð á yfir 120 ára sögu og hefur lengst af verið notað undir verslunarrekstur. Listamaðurinn Dagný Prastardóttir hefur komið sé vel fyrir í húsinu ásamt fjölskyldu sinni en hluti þess nýttur undir gallerí og verkstæði Rammagerðarinnar. Innandyra kennir margra grasa og er listmunum haganlega komið fyrir í upprunalegum verslunarhillum hússins.

Allir þeir munir sem eru á boðstólnum hjá Dagnýju eru hand-

unnir og allir íslenskir. Flestir eru smíðaðir af Dagnýju sjálfri en hún er einnig með gripi eftir ýmsa aðra listamenn. Glervörur eru í meirihluta enda hefur Dagný lagt mikla áherslu á að þróa sinn eigin stíl í vinnslu á gleri. Vörur hennar vöktu mikla athygli á sýningunni *Perlan Vestfirðir* fyrir sunnan í byrjun maí og núna er Dagný að hefja sölu á vörum sínum í verslunum í Reykjavík.

Þeir sem ekki eiga heimangengt í snotru verslunina hennar Dagnýjar, geta nálgast vörur hennar á Netinu. Slóðin á heimasíðunni hennar er www.rammagerd.is



Úr galleríinu hjá Rammagerð Ísafjarðar.



Geir Guðmundsson situr skinnklæddur við verbúðina í Ósvör í Bolungarvík og bíður – ekki eftir sjóveðri heldur ferðafólki.

útskýrir alla hluti.

Vegalengdin frá Ísafirði og út í Ósvör er aðeins rúmlega 10 kílómetrar. Og leiðin þangað, um Óshlíðina fráegu, gegnum vegskálana og meðfram girðingum og grjótpylsum og öðrum ofanflóðavörnum, er þess virði ein og sér að bregða sér til Bolungarvíkur.

Frá Ósvörinni eru aðeins um fjórir kílómetrar inn í Bolungarvíkurkaupstað. Meðal þess sem þar er sjálfsgagt að heimsækja í sömu ferð er Náttúrustofa Vestfjarða sem þar er í björtum og glæsilegum húsakynnum í sambyli við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur.



Atburðadagatal Vestfjarða 2002

Þrátt fyrir yfirskriftina er hér í rauninni aðeins um að ræða ágríp eða nokkur sýnishorn af atburðadagatali Vestfjarða yfir hásumarið. Skipulagðir viðburðir á Vestfjörðum sumarið 2002 verða að sjálfsgöðu fleiri. Nánari upplýsingar

um þá flesta munu liggja fyrir á upplýsingamiðstöðvum ferðamála þegar nær dregur. Leitid þar jafnframt nánari upplýsinga um þá atburði sem hér eru taldir, ef ekki eru gefin hér upp sérstök símanúmer eða tengiliðir.

Júní 2002

16. júní (sunnudagur). Kvinnahlaup ÍSÍ haldið á mörgum stöðum um allt land. Vegalengdir 2 km, 5 km, 7 km og 9 km án tímatöku.

17. júní (mánudagur). Hrafnseyrarhátíð á fæðingardeggi Jóns Sigurðssonar á fæðingarstað hans, Hrafnseyri við Arnarfjörð.

17. júní (mánudagur). Þjóðhátíðarskemmtanir um alla Vestfirði. Nánar auglýst á hverjum stað. Í Bjarkalundi í Reykhólasveit verður jafnframt sýning á gömlum bílum og traktorum.

17. júní (mánudagur). Víðavangshlaup Öfundarfjarðar. Uppl. í síma 456 7621.

21. júní (föstudagur). Jónsmessuganga í Bolungarvík á vegum Heilsubæjarins Bolungarvíkur.

22. júní (laugardagur). Jónsmessufagnaður í Bjarkalundi í Reykhólasveit með varðeldi, harmonikuballi og fleiri.

22. júní (laugardagur). Rímnahátíð í Dalbæ á Snæfjallaströnd. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

26. júní (miðvikudagur). Opnuð sérsýning í Bygðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði í tilefni af 150 ára afmæli Ásgeirsverslunar á Ísafirði, sem var stærsta verslunar- og útgerðarfyrirtæki landsins á sínum tíma.

27.-29. júní (fimmtudagur til laugardags). Vestfjarðavíkingurinn haldið á nokkrum stöðum á norðanverðum Vestfjörðum. Sterkustu menn landsins í magnaðri aflraunakeppni.

29. júní (laugardagur). Óshlíðarhlaupið. Hálfmararönn (21 km) frá Bolungarvík til Ísafjarðar, 10 km og 4 km. Einnig keppt á hjólaskíðum. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

29. júní (laugardagur). Helgarferð að Galtarvita á vegum Heilsubæjarins Bolungarvíkur.

29. júní (laugardagur). Fjörudagur á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð. Útivistarfjara opnuð, fjölskyldudagur þar sem lífríki fjörunnar er skoðað, farið í gönguferð og grillaðar pylsur. Hefst kl. 14. Uppl. í síma 451 3474 (Ester).

Júlí 2002

4. júlí (fimmtudagur). Sumarkvöld í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

4.-7. júlí (fimmtudagur til sunnudags). Landsmót harmonikufélaga haldið á Ísafirði. Sjá umfjöllun hér í blaðinu. Nánari upplýsingar veita Ásgeir S. Sigurðsson í síma 897 6790 og 456 3485 og Pétur Bjarnason í síma 892 0855 og 456 4684, netfang petur@sibs.is

6. júlí (laugardagur). Ekta sveitaball í Árnesi í Trékyllisvík á Ströndum.

11. júlí (fimmtudagur). Sumarkvöld í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

11.-14. júlí (fimmtudagur til sunnudags). Sæluhelgi á Suðureyri. Fjölskylduhátíð. Sjá nánari umfjöllun hér í blaðinu.

13. júlí (laugardagur). Leikjadagur fyrir alla fjölskylduna á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð. Hefst kl. 14. Uppl. í síma 451 3474 (Ester).

18. júlí (fimmtudagur). Sumarkvöld í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

19.-28. júlí. Siglingadagur, tíu daga hátíð sjóportsins. Ísafjörður, Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir. Siglingar, kajakaróður, námskeið og margt fleira. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

20. júlí (laugardagur). Bryggjuhátíðin á Drangnesi við Steingrímsfjörð. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

20.-21. júlí (laugardagur og sunnudagur). Hestamannamót Hestamannafélagsins Storms, haldið á Söndum í Dýrafirði.

25. júlí (fimmtudagur). Sumarkvöld í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

27. júlí (laugardagur). Ögurball með rabarbaragrat og rjóma (bátaballið í Ögri við Ísafjarðardjúp). Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

27. júlí (laugardagur). Göngudagur á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð. Fjallanga fyrir alla fjölskylduna. Hefst kl. 14. Göngustjóri Jón Jónsson þjóðfræðingur. Uppl. í síma 451 3474 (Ester).

Ágúst 2002

Ótiltekinn tími í lok sumars. Opnuð sérsýning í Bygðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði í tilefni af 100 ára afmæli vélvæðingar í íslenskum sjávarútvegi.

3. ágúst (laugardagur). Varðeldur og harmonikuball um verslunarmannahelgi í Bjarkalundi í Reykhólasveit.

3. ágúst (laugardagur). Árleg sandkastalekppni í fjörunni við Holt í Öfundarfirði. Fjölskyldan sameinast við byggingarstörf. Hefst kl. 14.

8.-11. ágúst (fimmtudagur til sunnudags). Listasumar í Súðavík. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

16.-18. ágúst (föstudagur til sunnudags). Djúpvíkurbátíð. Uppl. í síma 451 4037. Sjá umfjöllun hér í blaðinu.

Listasumar í Súðavík

Listasumar í Súðavík verður haldið dagana 8.-11. ágúst í sumar. Það hefur skipað sér fastan sess helgina eftir verslunarmannahelgi og er nú haldið í fjórða sinn. Listasumarið er samvinnuverkefni Félags íslenskra hljómlistaranna, Súðavíkurhrepps og Sumarbyggðar í Súðavík.

Hátíðin stendur yfir í fjóra daga og þar er að finna fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Fastir liðir eru brekkusöngur, varðeldur, kvikmyndasýning, dansleikur, tónleikar, námskeið, óvæntar uppkomur og margt, margt fleira. Gisting er á staðnum fyrir þá sem vilja og er þar bent á hina frábæru aðstöðu Sumarbyggðar. Þá er kostur á því að tjalda fyrir þá sem það kjósa.

Brottluttr Súðvíkingar eru sérstaklega hvattir til að heimsækja heimabyggðina þessa daga, sem og aðrir sem leið eiga um Vestfirði. Þá eru íbúar í nágrennabyggðum eindregið hvattir til að sækja Súðavík og Súðvíkinga heim á Listasumrinu.

Dagskrá Listasumars í Súðavík 2002 verður kynnt sérstaklega þegar nær dregur.



Hressar konur við listaverkasköpun á Listasumrinu í Súðavík á síðasta ári.



Börn að leik við Hesteyri.

Læknishúsið á Hesteyri

Læknishúsið á Hesteyri á sér langa sögu. Það er aldamótahús frá því fyrir hundrað árum en er nú orðið einn af þeim áningarstöðum sem flestir sækja heim er leggja leið sína í Jökulfirði. Þetta gamla, reisulega hús stendur ferðamönnum opið og boðið er upp á gistingu á dýnum og aðgangi að góðri gaseldunaraðstöðu. Í húsinu er einnig vatnssalerni.

Dvöl á Hesteyri býður upp á mörg ævintýri. Þaðan eru stuttar gönguleiðir yfir í Aðalvík, út á Sléttu eða inn á Stekkeyri þar sem rústir gömlu síldarverksmiðjunnar eru. Þar er líka ævintýraveröld fyrir börn, bæði í fjöru og fjalli, þar sem ósnortin náttúran og sagan skapa leiksvið sem er engu líkt. Í Hesteyrarfirði eru mjög skemmtilegar aðstæður fyrir kajakráðara.

Í Læknishúsinu er einnig rekið kaffihús í júlí og fram að verslunarmannahelgi og fastar kaffiferðir frá Ísafirði í boði hjá Vesturferðum. Á borðum er heimabakkelsi af bestu gerð í yfirumsjón eigenda hússins, Birnu Pálsdóttur í Bolungarvík og fjölskyldu hennar. Pöntunarsími fyrir gistingu er 456 7183.

Dorothee Lubecki, ferðamálafultrúi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða:

Perlan Vestfirðir

Það eru engar ýkjur þegar talað er um Vestfirði sem perlu. Vestfirðir eru rómaðir fyrir kyrrð og frið og hvert sem litid er eitthvað sem gleður gests augað; hrikaleg fjöll spegla sig í rennisléttum fjörðunum, hvítir eða rauðir sandar, villtur gróður og fjölbreytt fuglalíf. Hér er því frábært að dvelja um stund og njóta alls þess sem náttúran hefur að bjóða.

Á Vestfjörðum er mikið um að vera og bjóðum við ferðamenn velkomna til að njóta þess með okkur, kynnst leyndarmálum Vestfjarða og fagna sumri. Gefið ykkur því tíma til að skoða ykkur um. Sögur eru á hverju strái og heimamenn eru tilbúnir til að segja frá. Hér má ferðast um söguslóðir Gísla Súrssonar eða koma við á Hrafnseyri, heimaslóðum Hrafn Sveinbjarnarsonar á Sturlungaöld og Jóns Sigurðssonar á 19. öld.

Af perlum Vestfjarða má nefna Látrabjarg sem er stærsta fuglabjarg í Norður-Atlantshafi, Rauðasand, Dynjanda, Hornstrandir, Vigur í Ísafjarðardjúpi, Árnes-hrepp á Ströndum, Flatey á Breiðafirði og Vaðalfjöll í Reykhólasveitinni.

Hér er líka margbreytileg afþreying við allra hæfi –

söfn af ýmsu tagi, fjölbreyttar gönguleiðir, golfvelli og veiðiár. Er ekki tilvalið að eyða deginum í fjallgöngu, á hestbaki eða skella sér í kajakferð og slappa svo af í heitum potti í einhverri af fjölmörgum sundlaugum svæðisins?

Þá er hægt að fara í siglingu, til dæmis út í Vigur, á Hesteyri, í Aðalvík eða Grunnavík. Ýmsir atburðir og skemmtanir setja svip sinn á sumarið vítt og breitt um svæðið og má þar nefna Sæluhelgi á Suðureyri, Bryggjuháttíð á Drangnesi, Siglingadaga á Ísafirði, Rímnahátíð í Dalbæ, Sumarkvöld í Nedsta og margt fleira. Gististaðir eru á hverju strái og ágætis tjaldsvæði eru víða.

Um allt þetta og meira til er hægt að fræðast á upplýsingamiðstöðum. Ekki er úr vegi að líta inn á handverksmarkaði sem eru í öllum byggðakjörnum Vestfjarða. Þar getur að líta alls konar glæsilega muni.

Ekki má gleyma ýmsum öðrum nýjungum sem bryddað hefur verið upp á í ferðapjónustunni hér vestra á undanförunum misserum. Má þar nefna galdrasafnið á Hólmavík. Þar er hægt á „lifandi“ hátt að kynna sér galdrafárið og allt sem því fylgdi. Sjón er sögu ríkari. Í uppbyggingu er einnig



Dorothee Lubecki.

sauðfjársetur á Ströndum, hlunnindasafn á Reykhólum og Litlibær í Skötufirði, svo fátt eitt sé nefnt.

Lögð hefur verið áhersla á að þróa ferðapjónustuna í sátt við umhverfi og náttúru og hvetjum við ykkur að taka þátt í því með okkur.

Njótið vel.



STJÖRNUBÍLAR



FERÐAÞJÓNUSTUADILI Á VESTFJÖRÐUM

| Ísafjörður Hólmavík Ísafjörður | | | Ísafjörður Patró Látrabjarg Ísafjörður | | |
|--------------------------------|--------------|--------------|--|---------------|--------------|
| Sun.þri.fös | | Sun.þri.fös. | Mán.mið.lau | | mán.mið.lau. |
| 11:30 | Ísafjörður | 20:10 | 09:00 | Ísafjörður | 22:00 |
| 12:00 | Súðavík | 19:45 | 11:45 | Flókalundur | 19:45 |
| 14:00 | Djúpmannabúð | 18:00 | 12:00 | Ferjan Baldur | 19:00 |
| 14:30 | Reykjanes | 17:30 | 13:10 | Patró | 18:00 |
| 16:00 | Hólmavík | 16:00 | 13:45 | Örlygshöfn | 17:25 |
| | | | 14:35 | Látrabjarg | 15:55 |

Nánari upplýsingar VESTURFERÐIR SÍMA 456-5111
BSÍ SÍMA 552-2300 og STJÖRNUBÍLUM SÍMA 852-2414

Einnig bjóðum við
upp á leigubíla
allan sólarhringinn.
Sími 456 3518



FERÐUMST ÓDÝRT

stjornubilar@stjornubilar.is

www.stjornubilar.is



HÓPFERÐABÍLAR
Sími 852 2414



HÓPFERÐABÍLAR
Sími 853 0711

Fjölskylduferðir
Sérleyfisferðir
Djammferðir
Övissuferðir
Hópferðir



Grænhöfði

Gisting og kajakleiga á Flateyri
Accommodation and Kayak Rent in Flateyri Westfjords

Kajakleiga Grænhöfða

er með fjölda báta og er ýmist hægt að fá þá leigða með eða án leiðsagnar um Önundarfjörð og aðra firði Vestfjarða. Önundarfjörður er kjörinn til kajakróðra, fuglalíf er afar fjölbreytt og í kvöldkyrrðinni er fátt sem kemur í stað þess að heyra þögnina hljóma meðan horft er á stórfenglegt sólarlagið. Algengt er að selir og smærri hvalategundir syndi við hlið bátanna þegar róið er um fjörðinn.

Grænhöfði

skipuleggur ferðir fyrir hópa frá þriggja tíma ferðum upp í viku og allt þar á milli, eftir óskum hvers og eins.

Kayak trips

for the beginners and the expert are on offer with experienced guides. The most popular trips last between 2 to 3 hours. Trips from one day to a week are also available. It is possible to take Groups of up to 12 people. Enjoy a paddle through the natural wonder that is Iceland.

Tel.: (+354)456 7762, (+354)863 7662,
(+354)867 5423, (+354)861 8976
E-mail: jens@snerpa.is

Dagsferðir

Nokkrar dagsettar ferðir hafa verið ákveðnar. Dagsferðir þar sem róið er í 6 til 7 klst. með nestispásam. Ýmist verður róið um Önundarfjörð, Dýrafjörð eða Ísafjarðardjúpi, og fer það eftir veðri og vindum hvar er róið.

Í ALLAR FERÐIR ÞARF AÐ PANTA

DAGSFERÐIR

Verð á dagsferð er 10.800,-

| | |
|-----------|--------------------------------|
| 25. júní | Dagsferð frá Súðavík, Langeyri |
| 2. júlí | Dagsferð í Dýrafirði |
| 9. júlí | Dagsferð í Önundarfirði |
| 6. ágúst | Dagsferð í Ísafjarðardjúpi |
| 13. ágúst | Dagsferð í Önundarfirði |

DÝRAFJÖRÐUR DÝRAFJARÐARDAGAR 29. OG 30. JÚNÍ

ÞRIGGJA TÍMA FERÐIR Önundarfjörður

| | |
|-----------|--------------|
| 21. júní | Kl. 10 og 17 |
| 27. júní | Kl. 10 og 17 |
| 4. júlí | Kl. 10 og 17 |
| 11. júlí | Kl. 10 og 17 |
| 23. júlí | Kl. 10 og 17 |
| 8. ágúst | Kl. 10 og 17 |
| 17. ágúst | Kl. 10 og 17 |

ÞRIGGJA TÍMA FERÐIR Súðavík, Langeyri

| | |
|----------|------------------|
| 18. júní | Kl. 10, 15 og 20 |
| 7. júlí | Kl. 10, 15 og 20 |
| 30. júlí | Kl. 10, 15 og 20 |

POLLURINN ÍSAFIRÐI

| | |
|----------|------------------|
| 22. júní | Kl. 10, 15 og 20 |
| 13. Júlí | Kl. 10, 15 og 20 |

Sæluhelgin – „þjóðhátíð“ á Suðureyri

Sæluhelgin á Suðureyri er kölluð þjóðhátíð Súgfirðinga og jafnan haldin aðra helgina í júlí. Í ár verður hún dagana 11.-14. júlí og verður að mestu leyti með hefðbundnu sniði enda hefur fyrirkomulagið gefist einstaklega vel. Alltaf bætist þó eitthvað nýtt við á hverju ári.

Hátíðin hefst á fimmtudegi og rekur hver viðburðurinn annan alla dagana meðan hátíðin stendur. Einn af föstu punktum er mansaveiðikeppnin en á Suðureyri er öflugur flokkur mansavina. Einnig má nefna grillveislu, varðeld og skemmtiatriði í Staðardal, dansleiki fyrir börn og fullorðna, markaðstorg og kvenfélagskaffi. Sú nýlunda verður á aðaldansleiknum á

Sæluhelgi að þessu sinni, að aldurstakmark verður 18 ár en ekki 16 eins og verið hefur. Aldurstakmarkinu mun hafa verið breytt að kröfu yfirvalda og gegn vilja skipuleggjenda hátíðarinnar.

Sæluhelginni hefur vaxið fiskur um hrygg frá ári til árs og er hún nú orðin einn stærsti viðburður sumarsins á norðanverðum Vestfjörðum. Síffellt fleiri dvelja í Súgandafirði aðra helgina í júlí og eru engar ýkjur að segja að íbúafjöldi á Suðureyri tvöfaldist og rúmlega það meðan á hátíðinni stendur. Bærinn hreinlega fyllist af gömlum Súgfirðingum og öðrum gestum og svo mikill hefur gestafjöldinn verið að sumir hafa tjaldað í kirkjugarðinum.



Hressar stúlkur á Sæluhelginni á Suðureyri á síðasta ári.

Á fyrsta degi Sæluhelgar 2002 frumsýnir leikfélagið Hallvarður súgandi létt og skemmtilegt leikrit sem nefnist Draumur í dós. Leikstjóri er formaður félagsins, Unnar Þór Reynisson. Sex leikarar fara með hlutverk í verkinu en að venju

kemur fjöldi Súgfirðinga að uppsetningunni með ýmsum hætti. Þetta verður fimmta árið í röð sem Hallvarður súgandi frumsýnir leikverk á Sæluhelgi. Leikfélagið var endurvakið árið 1998 með sýningu

um á verkinu „Það er spurning“ sem Unnar og félagi hans Ævar Guðmundsson sömdu. Þess má geta að það verk var á nýliðnum vetri sýnt í Tjarnarbíói af leikfélagi Fjölbrautaskólans í Ármúla.



Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík sími 456 7381

Opnunartímar sundlaugar og íþróttasalar er sem hér segir frá 1. júní

Mánudagar kl. 08:00-11:00

og kl. 13:00-20:45

Þriðjudagar kl. 13:00-20:45

Miðvikudagar kl. 08:00-11:00

og kl. 13:00-20:45

Fimmtudagar kl. 13:00-20:45

Föstudagar kl. 13:00-20:45

Laugardagar kl. 10:00-17:45

Sunnudagar kl. 10:00-18:45

**ATH! FLAUTAÐ ER
UPP ÚR SUNDLAUG
15 MÍN. EFTIR
AUGLÝSTAN
LOKUNARTÍMA**

Ath! Íþróttasalur er opinn virka daga til kl. 22:00. Á föstudögum kl. 13:00-18:00 er heimilt að vera með sundlaugarleikföng. Þreksalurinn er opinn á opnunartíma sundlaugar.

SAUNABAÐ

FIMMTUDAGAR KL. 17:00-20:45 KONUR

FÖSTUDAGAR KL. 17:00-20:45 KARLAR

LAUGARDAGAR KL. 13:00-15:30 KONUR

LAUGARDAGAR KL. 15:30-17:45 KARLAR

Ljósalampar

Leigutími er sá sami og opnunartími sundlaugar

Á sunnudögum verður sundlaugin sérstaklega upphituð fyrir ungabörn og „kulsækið fólk“



Sumarkvöldin í Neðsta í áttunda skipti í sumar

Kvöldvökur sem heita einu nafni Sumarkvöld í Neðstakaupstað hafa verið haldnar í Tjöruhúsinu á Ísafirði allt frá 1995. Þeim er ætlað að miðla fróðleik um sögu og menningu á Vestfjörðum í bland við tónlist og húsakynninn skapa þeim afar skemmtilega umgjörð. Tjöruhúsið í Neðsta, eins og það er kallað, er bjálkabyggt hús frá miðri 18. öld, eitt í þyrpingu norsku kaupstaðarhúsanna frá þeim tíma.

Dagskráin á Sumarkvöldunum í Neðsta er flutt bæði á ensku og

íslensku. Hvert kvöld hefur ákveðið viðfangsefni og bæði tónlist og upplestur eru tengd viðfangsefninu á nýstárlegan hátt. Kvöldvökurnar eru öll fimmtudagskvöld í júlí og hefjast kl. 20.30.

Sumarið 2002 er það áttunda sem sami hópurinn stendur að Sumarkvöldunum í Neðsta. Nú verður m.a. fjallað um Árna Jónsson faktor og 150 ára minningu Ásgeirsverslunar, vélvæðingu í íslenskum sjávarútvegi, rímur og annan kveðskap og fornar sögur.

Göngukort og leiðarlýsingar við allra hæfi

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa gefið út fjölda göngukorta með leiðarlýsingum um heppilegar og skemmtilegar gönguleiðir víða á Vestfjörðum. Þar eiga allir að finna gönguleiðir við sitt hæfi,

stuttar og langar, auðveldar og erfðar og jafnt fyrir unga sem gamla.

Þessum kortum fylgja með hverju árinu. Kortin og allar nánari upplýsingar fást á upplýsingamiðstöðvum ferðamála á Vestfjörðum.

Vestfjarðavíkingur 2002

Allir þekkja Vestfjarðavíkinginn, aflraunakeppni sem haldin er árlega á ýmsum stöðum á Vestfjörðum. Upphafsmaður hennar og skipuleggjandi er kraftakarlinn Guðmundur Otri Sigurðsson frá Otradal við Arnarfjörð.

Í ár verður Vestfjarðavíkingurinn haldinn á nokkrum stöðum norðanverðum Vestfjörðum dagana 4.-6. júlí. Keppni þessi er sýnd í sjónvarpi víða um lönd og verður að teljast afar góð kynning.

Enn hafa Strandamenn gagnsemi af göldrum



Strandamenn hafa nokkur undanfarin ár unnið að uppbyggingu menningartúrismá og byggja sérstöðu sína fyrst og fremst á rykti sem farið hefur af þeim um langan aldur. Fyrri tíðar mönnum þótti vissara að krossa sig í bak og fyrir áður en þeir tóku sér ferð á Strandir til að sinna erindum sínum og eiga rekaviðskipti við Strandamenn. Það þótti nefnilega ekki einleikið hvað heimamenn þóttu erfiðir þegar kom að því að semja um verðið á viðnum og fleiri en færri fóru halloka í viðskiptunum.

Þess vegna kenndu annarra byggða menn því um að Strandamaðurinn hefði notað á þá galdur og blekkt fyrir um þeim. Galdra-ryktið hefur fylgt Strandamönnum frá fyrstu tíð.

Galdrasýning á Ströndum

Galdrasýning á Ströndum er afar forvitnilegur viðkomustaður á ferðalagi um Vestfirði. Á Hólma-vík er einkar metnaðarfull sýning um galdra og galdramál. Viðfangs-efni þeirrar sýningar eru margvís-leg og lærdómsrík. Þar má m.a. kynnast því hvernig megi vekja upp drauga, gera sig ósýnilegan og jafnvel læra hvaða brögðum er hægt að beita til að efnast lítils-háttar.

Þjóðtrú tengd göldrum er áberandi á sýningunni ásamt því sem farið er gaumgæfilega yfir galdra-ofsóknir 17. aldar á Íslandi, hverjir urðu fyrir ofsóknum, hvar og af hverjum. Gestir hafa tækifæri á að búa til sína eigin galdrasteina og taka með sér og í sölubúð sýningarinnar fæst hvers kyns galdravarn-ingur sem getur komið sér vel í daglegu amstri nútímans.

Annar áfangi

sýningarinnar á Klúku

„Kotbýli kuklarans“ er annar áfangi Galdrasýningar á Ströndum og er á Klúku í Bjarnarfirði. Smíði kotbýlisins stendur ennþá yfir en engu að síður er forvitnilegt að koma þar við og fá innsýn í hvernig Strandamenn nýttu sér torf, grjótt

og rekatimbur til húsbygginga fyrr á öldum.

Galdrasýning á Ströndum er opin alla daga milli kl. 10 og 18 frá 1. júní til 31. ágúst.

Galdrastafurinn sem hér fylgir

nefnist Vegvísir. Honum fylgir þessi forskrift og náttúra:

Ber staf þennan millum brjósta þér þá þú ferðast og munt þú traudla villast í hríð eða verða úti og eins rata þó á ókunna slóð

farir. Ítem mun þér ferðin gagnast vel og þú góðrar heimkomu njóta.

Það sakar ekki að verða sér úti um þennan galdrastaf og fara eftir fyrirmælunum. En þó ber að hafa í huga, að gætilegur akstur og fyrir-

Galdrastafurinn Vegvísir.

hyggjusemi í hvívetna í umferðinni er öruggari leið til að gera ferðalagið ánægjulegra. Góða ferð og velkomin á Strandir.

VESTURFERÐIR FERÐASKRIFSTOFA



Skoðunarferðir frá Ísafirði

• Sigling í Vigur daglega kl. 14.00

• Heimsókn á Hesteyri
Sun - mið - fös kl. 14.00

• Ísafjörður - Bolungarvík
Skoðunarferð alla daga nema sun. kl. 8.30

• Dagsgönguferð á Hornstrandir

• Gönguferð um eyrina á Ísafirði

• Dagsferð í Arnarfjörð

• Hringferðir á Hornstrandir
og Jökulfirði

• Sala farmiða í báta og rútur

• Kajakferðir

Hornstrandaferðir langar og stuttar

PAKKAFERÐIR

- Mallorca
- Portúgal/Krit
- Flug og hótél



SÉRFERÐIR

- Alpævintýri - Miðevrópu draumur
- Skemmtiferðasigling - Stórborgarveisla

PAKKAFERÐIR

- Mallorca
- Portúgal/Krit
- Billund, flug og bíll



BÍLALEGA

FLUGLEIÐA/ **Hertz**

- Umboð á Ísafirði Car Rental
- Sími: 863 9023



- Heimsborgir Flugleiða
- Sala farseðla fyrir helstu ferðaskrifstofur
- Fyrirtækjapjónusta

*Fagmennska
í fyrirrúmi!*

Vesturferðir



West Tours, Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður
Sími/tel: 456 5111 / fax: 456 5185

Netfang: vesturferdir@vesturferdir.is
Heimasíða: www.vesturferdir.is

Dagsferðir í Hornvík

Í ár verður boðið upp á einstakar dagsferðir þar sem fólki gefst tækifæri til að heimsækja Hornvík og ganga þar um með leiðsögn. Gönguferðirnar eru um 6 klst. en áfangastaðurinn er ákveðinn í samræmi við hópinn hverji sinni.

Þessi ferð er tilvalin fyrir þá sem hafa beðið eftir að komast í Hornvíkina án þess að gista. Farið verður 30. júní, 3. júlí og 11. ágúst. Bókanir í þessar ferðir eru hjá Vesturferðum í síma 456 5111.



**FERJAN
BALDUR**
Á BREIÐAFIRÐI

Sigling yfir Breiðafjörð er ógleymanleg ferð inn í stórbrotna náttúru Vestfjarða.

Sumaráætlun 2002:
Frá Stykkishólmi kl. 09:00 og kl. 16:00.
Frá Brjánslæk kl. 12:30 og kl. 19:30.

FERJAN BALDUR STYKKISHÓLMI
SÍMI: 438 1450 – FAX: 438 1050
BRJÁNSLÆK SÍMI 456 2020
Nauðsynlegt er að bóka tímanlega

Áætlunarferðir – Leiguferðir

Hornstrandir
– Náttúrurparadís í norðri!

Sími 456 5690 og 895 1190 • Fax: 456 3052 • e-mail: hornstrandir@hornstrandir.is
www.hornstrandir.is
Beinir símar í bátum: Anna 855 1197 og Guðný 855 1190



Velkomin til Hólmavíkur

Gisting á nýju tjaldstæði með leiktækjum úr rekaviði. Þaðan er upplagt að fara í dagsferðir norður Strandir, vestur í Djúp eða suður að Breiðafirði. Njótið útivistar á golfvöllinum, í fjörunni eða á merktum göngustígum. Skreppið á hestbak eða rennið fyrir lax. En umfram allt: Njótið þess að vera til í kvöldkyrrðinni. Það kostar ekkert.

Yfir 60 gististaðir á Vestfjörðum!

Á Vestfjörðum eru yfir 60 gististaðir af öllum gerðum og um allan fjórðunginn. Þessi fjöldi kemur ef til vill einhverjum á óvart. Í þessum hópi eru hótél eins og þau gerast best á landsbyggðinni, gistiheimili, bændagisting, skólar og þar fram eftir götunum og stöðugt eru fleiri

að bætast við.

Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Vestfjörðum gefa allar upplýsingar um gististaðina, aðstöðu og þjónustu sem er í boði á hverjum stað, verð og annað sem máli skiptir. Snúið ykkur til þeirra.

Aflið ykkur alltaf nýjustu upplýsinga

Það sem er rétt í dag er oft orðið úrelt á morgun. Ekki er heppilegt að vera með handbók eða upplýsingar frá því í fyrra eða frá því á síðustu öld, þegar ferðast er um landið. Meira að segja upplýsingar sem liggja fyrir að vori geta verið orðnar úreltar þegar líður á sumar.

Veitingastaðir og gististaðir koma og fara, þó að meginreglan á

Vestfjörðum sé sú, að þeim fjölgi jafnt og þétt og þjónustan verði stöðugt fjölbreyttari. Upplýsingamiðstöðvar ferðamála kappkosta að hafa alltaf nýjustu upplýsingar, svo sem um vínveitingar, sértílböð og sérhæfingu á einstökum veitingastöðum. Spyrjist fyrir á upplýsingamiðstöðvunum og hafið allt á hreinu.



Minja- og handverksbúsið Kört í Trékyllisvík.

Minjar og handverk í Trékyllisvík

Minja- og handverksbúsið Kört í Trékyllisvík á Ströndum er á fimmta starfsári sínu í sumar. Safninu berast munir á ári hverju og er reynt að skipta reglulega um muni svo að sem flestir séu til sýnis. Í sumar verður þar áfram sýning á ljósmóðuráhöldum Jensínu Ólafsdóttur í Bæ og smíðaáhöldum Níelsar Guðmundssonar smíðs í Norðurfirði.

En Kört er ekki einungis minjasafn heldur er þar einnig til sölu handverk sem unnið er af fólki úr héraðinu. Handverkið er úr ýmsu efni, unnið t.d. úr rekaviði, beini,

grjóti og þar er einnig að finna ýmiss konar textílverk.

Orðið kört er ófínanlegt í tilteknum orðasöfnum en er örnefni í Trékyllisvík. Þarna rétt fyrir utan er sker sem heitir Kört og segir sagan að danskir landmælingamenn hafi gefið skerinu þetta nafn.

Minja- og handverksbúsið Kört er í Trékyllisvíkinni miðri og þaðan er stutt í alla þjónustu. Húsið verður opið alla daga í sumar. Nánari upplýsingar gefa Valgeir, Hrefna og Raket í síma 451 4025 (netfang arnes@li.is).

Til athugunar varðandi bensínafgreiðslur

Afgreiðslutími bensínstöðva á Vestfjörðum er mjög mismunandi og stundum þarf að ræsa út fólk til að afgreiða bensín. Meginregla ferðamannsins er sú, að vera með slíka hluti á hreinu áður en lagt er af stað í hvern áfanga enda er stundum afar langt á milli stöðva.

Þegar þetta er ritað í byrjun júní

er óvíst hvort í sumar verður hægt að fá bensín á leiðinni milli Ísafjarðar og Hólmavíkur en það er 224 km vegalengd. Best er að hafa samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Vestfjörðum áður en lagt er af stað, t.d. á Ísafirði (sími 456 5121), og fá þær upplýsingar sem eru nýjastar og réttastar.



Rúmlega öld er liðin frá þeim atburði, þegar skipverjar á breska togaranum Royalist, sem var við ólöglegar veiðar í landhelgi inni á Dýrafirði, drekktu þremur mönnum af íslenskum árabát. Sex manns voru á bátnum og hefðu togaramenn eflaust banað hinum þremur líka hefði hjálp ekki borist úr landi. Einn þeirra þriggja sem af komust var Hannes Hafstein, sýslumaður Ísafirðinga, sem rúmum fjórum árum síðar varð fyrsti íslenski ráðherrann.

Þórir Örn Guðmundsson svæðisleiðsögumaður á Þingeyri hefur skipulagt fjögurra klukkustunda ferð, sem hann nefnir *Í slóð Hannesar Hafstein*. Þar er þessa sögufræga atburðar minnst og sagan rakin eftir því sem förlinni vindur fram. Fyrsta ferðin í sumar og hugsanlega sú eina á þessu ári verður laugardaginn 15. júní og verður lagt upp þaðan sem grasbýlið Bessastaðir stóð á norðurströnd Dýrafjarðar.

Fyrsta varðskip Íslendinga var árabátur

Atburður þessi á Dýrafirði varð 10. október 1899. Hann telst marka upphaf baráttu Íslendinga sjálfra fyrir verndun landhelgi sinnar en árabáturinn sem hér um ræðir má með réttu kallast fyrsta varðskip Íslendinga. Hann nefndist þá Meiragarðsbáturinn, kenndur við bæinn Meira-Garð í Mýrahreppi í Dýrafirði, en heitir nú Ingjaldur og er varðveittur í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði. Bát þennan smíðaði Bjarni Ólafsson smiður á Þingeyri.

Fyrir þremur árum, þegar öld var liðin frá þessum sögulega viðburði, var hans minnst með gerð minnisvarða sem valinn var staður við tóftir býlisins Bessastaða, skammt austan við Mýrar í Dýrafirði. Þaðan sér vel yfir allt sögu sviðið og þar leggur sögumaðurinn og leiðsögumaðurinn Þórir Örn Guðmundsson jafnframt upp í ferðina *Í slóð Hannesar Hafstein*. Höfundur minnisvarðans er Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður á Ísafirði, en forgöngu að gerð hans áttu afkomendur Jóhannesar Guðmundssonar, bónda á Bessastöðum, en hann var formaður á bátnum og einn þeirra sem fórust. Hinir voru Jón Þórðarson, Meira-Garði, og Guðmundur Jónsson, Lækjarósi.

Nilsson skipstjóri og örlög hans

Togarin Royalist H 426 var frá Hull en skipstjóri var sænskur maður, Nilsson að nafni. Fiskilóðsinn á Royalist var íslenskur maður, búsettur á Suðurnesjum, en aðrir í áhöfninni voru af ensku, sænsku og dönsku þjóðerni.

Nilsson skipstjóri er talinn hafa farist tveimur árum síðar með allri áhöfn sinni þegar annar togari frá sömu útgerð týndist í ofsaveðri út af Grindavík. Heimildir herma að lík allra skipverja nema Nilssons hafi rekið og hlotið leg í vígðri mold. Aðrar sagnir greina að lík hans hafi fundist en höfuðið vantað á það. Hvað sem því líður, þá var talið hér vestra (og víðar um land) að Nilsson hefði hlotið makleg



Minnisvarðinn sem reistur var við tóftir Bessastaða haustið 1999. Séð yfir Dýrafjörðinn þar sem hinn sögulegi og válegi atburður gerðist einni öld fyrr. Myndina tók Hrafn Snorrason daginn þegar minnisvarðinn var afhjúpaður 10. október 1999.

Í slóð Hannesar Hafstein – söguferð í Dýrafirði

málagjöld fyrir tilverknað æðri máttarvalda.

Þessi atburður fyrir liðugri öld hefur með réttu orðið sögufrægur og hefur víða verið fjallað um hann og eftirmál hans. Ágangur erlendra togara í íslenski landhelgi var mikill um þessar mundir, en hún var þá þrjár sjómíllur. Heita má, að togaramir hafi verið að veiðum allt uppi í landsteinum inni á fjörðum og fengu dönsk varðskip, sem önnuðust landhelgisgæslu hér við land, lítið að gert.

„OJALI“

Royalist hafði verið að veiðum uppi í landsteinum Dýrafjarðar í nokkra daga og höfðu skipverjar hulið hluta nafns og númers til að villa á sér heimildir, þannig að við blasti nafnið OJALI í stað Royalist. Þegar heimamönnum var meira en nóg boðið að kvöldi 9. október sendi hreppstjórinn á Þingeyri mann á fund sýslumannsins á Ísafirði, Hannesar Hafstein, til að leita aðstoðar hans.

Daginn eftir kom Hannes að Mýrum í Dýrafirði til hreppstjórans þar. Togarin var þá enn að veiðum skammt undan landi, á skarkolamiðum fram af Haukadalsbótinni handan fjarðar, í stefnu frá Mýrum að Sveinseyri við sunnanverðan Dýrafjörð. Síðdegis kom Meiragarðsbáturinn úr róðri og

lenti við Hrólfsnaust, nokkru utan við Mýrar. Sýslumaður var þá þar fyrir og skipaði bátsverjum, sem voru fimm talsins, að flytja sig og fylgdarmann sinn út að togaranum, en þeir gerðu sér grein fyrir hættunni og voru tregir til. Einn þeirra hafði dreymt illa og neitaði hann að fara, en fjórir létu til leiðast og létu þrír þeirra lifið í sjóferðinni.

Enginn syndur nema sýslumaður

Þegar út að togaranum kom náðu bátsverjar taki á vír sem lá niður með skipshlið en sýslumaður sýndi embættiseinkenni sín og skoraði á skipstjóra að gefa sig fram og leyfa uppgöngu á togaranum. Viðbrögð togaramanna voru þau, að nokkrir skóku barefli og létu ófriðlega við borðstokkinn og einn skaut ár að sýslumanni en hitti ekki. Síðan var skyndilega slakað á togvírnum, þannig að annar þeirra lenti á bátnum og allir sem í honum voru lentu í sjónum.

Sýslumaður var sá eini sem var syndur en hann var kappklæddur og í stígvélum og átti því erfitt með að koma félögum sínum til hjálpar. Tveir þeirra náðu að hanga á bátnum sem maraði í kaf. Skipverjar á Royalist gerðu ekkert til að koma mönnum til hjálpar, fyrr en þeir sáu báta koma róandi lífróður úr Haukadali.

„Lífjafi

Hannesar Hafstein“

Af tilviljun var í landi sjónarvottur að því sem gerðist, Guðmundur Eggertsson bóndi í Höll í Haukadali, en hann fylgdist með atburðum í kík. Sjónauki sá er nú varðveittur á Byggðasafni Vestfjarða á Ísafirði og nefndur „lífjafi Hannesar Hafstein“. Guðmundur í Höll brá skjótt við og hélt niður að sjó, þar sem tveir bátar voru nýkomnir að landi. Þeir reru strax út að togaranum en þangað var um fimmtán mínútna röður.

Þegar togaramenn sáu bátana nálgast sýndu þeir fyrst lit á því að aðstoða mennina í sjónum, þá þrjár sem enn þraukuðu. Þeir voru dregnir um borð og var Hannes svo þrekaður, að hann var lagður til á þilfarinu og lá þar fyrst sem örendur væri. Hannes og félagar hans voru fluttir í land og var sýslumaður rúmfastur í Haukadali í viku á meðan hann var að jafna sig.

Í slóð Hannesar sýslumanns

Ferðin *Í slóð Hannesar Hafstein* með sögumanninum Þóri Erni Guðmundssyni hefst laugardaginn 15. júní kl. 14 og verður lagt af stað frá minnisvarðanum við tóftir Bessastaða. Slóð Hannesar er rakin og sagan sögð á meðan gengið er



Hannes Hafstein.

þangað sem Hrólfsnaustin stóðu, þar sem félagarnir á Meiragarðsbátnum lögðu upp í hina örlagaríku sjóferð. Greint er frá þeim mönnum sem sýslumaður skipaði að fara þessa ferð og hvernig sumir þeirra tengdu. Frá Hrólfsnaustunum er fylgt gamalli sjávargötu sem lá til Meira-Garðs.

Þegar komið er að þjóðveginum er ekið til Haukadals við sunnanverðan Dýrafjörð. Þar eru staðhættir skoðaðir og sagan rakin áfram og sitthvað rifjað upp sem henni viðkemur. Síðan er sest að kaffi og kökum í Haukadali áður en ekið er aftur að upphafsstað ferðar handan fjarðarinnar.

Þeim sem fara þessa göngu er bent á að hafa meðferðis þægilega skó og léttan göngufatnað. Farargjald er kr. 3.500 en þar er innifalinn akstur frá Meira-Garði yfir í Haukadali og aftur til baka, svo og kaffi og kökur í Haukadali. Nánari upplýsingar og skráning eru hjá Þóri Erni í síma 863 2412. Einungis er gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda í þessa ferð.

Sögusýning í tvo mánuði í Dalbæ á Snæfjallaströnd

Byggðasaga Snæfjallastrandar við Ísafjarðardjúp og Höfðastrandar í Jökulfjörðum er meginefni sýningar í Dalbæ á Snæfjallaströnd, sem opnuð verður á rímnahátíðinni sem þar verður haldin laugardaginn 22. júní. Meðal viðfangsefna eru merkir atburðir sem gerst hafa á þessum slóðum og merkar persónur sem þar hafa búið. Á sýningunni verður unnt að heyra raddir fólks sem þarna bjó, kveðskap, huldufólkssögur, draugasögur og fleira.

Jóni lærða Guðmundssyni sem kvað Snjáfjallavísur hinar síðari og Fjandafælu á Skarði á Snæfjallaströnd árið 1612 verða einnig gerð nokkur skil. Spánverjavígin

árið 1615 koma við sögu á sýningunni en Jón lærði tók upp varnir fyrir Spánverjana sem bændur undir forystu Ara sýslumanns í Ögri drápu í Æðey og á Sandeyri á Snæfjallaströnd.

Á sýningunni verður einnig fjallað um sögustaði á gönguleiðinni frá Unaðsdal um Dynjandisskarð til Höfðastrandar í Jökulfjörðum og þaðan til Grunnavíkur, þar sem hægt er að fá svefnpokagistingu með eldunaraðstöðu og tjaldstæði. Síðan liggur leiðin til baka um Snæfjallaheiði, sem verður merkt vörðum á næstu vikum, og um Snæfjallaströnd fram hjá sögustöðunum Snæfjöllum, Sandeyri,

Skarði og Æðey auk annarra. Í Dalbæ eru bæði tjaldstæði og svefnpokapláss í boði.

Menntamálaráðuneytið, Menn-ingarborgarsjóður og Framleiðni-sjóður landbúnaðarins styrkja þessa sögusýningu í Dalbæ sem verður opin kl. 9-21 alla daga frá 23. júní til 20. ágúst. Frekari upplýsingar veita Sögumiðlunin ehf. (sogumidlun@yahoo.com), sími 698 7533 (Ólafur), Ferðapjónustan Dalbæ, sími 897 6872 (Ingólfur) og 697 7818 (Jörgína), og Ferðapjónustan Grunnavík, sími 852 4819 og 866 5491 (Sigurrós) og 848 0511 (Friðrik).



Bolungarvíkurkaupstaður
Ráðhúsinu við Aðalstræti

Bolungarvíkurkaupstaður býður ferðamenn velkomna í verbúðina Ósvör við Bolungarvík.

Umsjónar- og leiðsögumaður með safninu er Geir Guðmundsson í síma 456 7172.

Dá minnum við á fagra leið um Þyðridal og Skálavík vestan við Bolungarvík.

Velkomin til Tálknafjarðar



Vatnsrennibraut og vaðlang fyrir krakka
Upplýsingamiðstöð á staðnum.

Tjaldstæðið á Tálknafirði er á kyrllátum stað við glæsilega 25 metra útisundlaug, og býður upp á:

- Aðgang að inni- og útisalernum.
- Aðstöðu fyrir húsbíla.
- Aðgang að þvottavél.
- Heitt og kalt vatn utan- og innanhúss.
- Leiktæki.
- Umhverfi, sem býður upp á lengri og skemmri gönguferðir um fjöll og fjörur og allt þar á milli.
- Svefnpokagistingu með aðgangi að eldhúsi.

Tálknafjörður

– góður heim að sækja á leið um Vestfirði



Kvöldverður í Vigur

Vigurferðir Ferðaskrifstofunnar Vesturferða á Ísafirði eru rómaðar víða um lönd. Í ár bjóða Vesturferðir ferðafólki nýjan möguleika á kynnum af perlu Ísafjarðardjúps. Í stað þess að belgja sig út af sætabraudi síðdegis (sem er ágætt út af fyrir sig) er núna hægt að

smella sér í kvöldverðarboð til fólksins í Vigur þar sem aldrei er að vita hvað töfrað verður fram á borð.

Þegar í eyjuna er komið er farið í stutta gönguferð með leiðsögn en síðan sest að veisluþorði í Viktoríuhúsi. Ferðin í heild tekur rúmar

fjórar klukkustundir en bæði er hægt að fara frá Ísafirði og Súðavík. Farið verður alla föstudaga í júní og alla þriðjudaga í júlí en síðasta ferðin verður föstudaginn 9. ágúst. Miðað er við að nægileg þátttaka verði í hverri ferð. Bókanir eru hjá Vesturferðum í síma 456 5111.

Á Vestfjörðum eru meira en þrjátíu tjaldsvæði

Ferðafólki bjóðast tjaldsvæði á meira en þrjátíu stöðum á Vestfjörðum. Aðstaðan og þjónustan á þeim stöðum er afar mismunandi,

allt frá því að vera engin og upp í fullkomna aðstöðu með sturtum og sundlaug, þvottavélum, máltíðum og golfvelli við tjaldskörina.

Hafið samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamála sem eru með þetta allt á hreinu.

Skipulag sumarleyfisferðar og vandamál sem upp koma

Stundum eru þær sumarleyfisferðir bestar sem minnst eru skipulagðar. Þó eru ákveðnir hlutir sem þurfa að vera á hreinu ef ekki á illa að fara. Ekki er heppilegt að vara-dekkið sé vindlaust eða bensín-tankurinn tómur. Ekki er heppilegt að gleyma greiðslukortinu heima, eða öskuskírteininu, eða eiginkon-

unni / karlinum og börnunum.

Ýmislegt getur komið fyrir á langri leið og aldrei er að vita hvenær hjólbarði springur. Rétt er að hafa samband við einhverja af upplýsingamiðstöðvum ferðamála á Vestfjörðum áður en lagt er af stað og fá nýjustu upplýsingar um dekkjaverkstæði og viðgerðarþjón-

ustu og aðra þjónustu sem nauðsynleg kann að reynast. Á sumum stöðum eru einrykjar að störfum og geta brugðið sér í frí eins og annað fólk.

Á upplýsingamiðstöðvunum er leitast við að hafa alltaf nýjar og réttar upplýsingar og hjálpa ferðafólkinu til að finna þá aðstöð.




Gistihús og veitingastaður
í Vatnsfirði
• Bensínstöð á staðnum • Tjaldstæði

Stokkalundur Vatnsfirri

Sími 456 2011 - Fax 456 205-

vefang: stokkalundur@stokkalundur.is



Faktorshúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði gengið í endurnýjun lífdaganna

Veitinga- og kaffihúsið *Faktorshúsið* í Hæstakaupstað á Ísafirði var opnað í desember á liðnum vetri í húsi frá ofanverðri 18. öld, sem gert hefur verið upp í upprunalegri mynd eftir því sem framast hefur verið unnt. Húsið er vel tækjum búið og þar er nú rekið kaffihús með fullbúinni veitingaástöðu og vínveitingaleyfi. Neðri hæðin skiptist í misstórar stofur og veitingasal en á efri hæðinni er lítill salur.

Ætlunin er að húsið verði jafnframt vettvangur myndlistarsýninga af ýmsu tagi. Hinn 29. júní opnar Garðar Pétursson sýningu á vatnslitamyndum af ýmsum munum úr fortíðinni og stendur hún fram eftir sumri.

Faktorshúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði er með elstu byggingum í landinu, reist árið 1788 af Björgvinjarkaupmönnum eftir að einokun var létt af verslun á Íslandi. Húsið var í fyrstu íbúðarhús norska verslunarstjórans (faktorsins) en

síðar komu Danir og settust að í húsinu og byggðu við það.

Um 1920 keypti Ísafjarðarbær húsið og nýtti með margvíslegum hætti, bæði fyrir skrifstofurekstur og einnig sem íbúðarhúsnæði á vegum bæjarins. Vegsemd hússins fór minnkandi með árunum og var það í mikilli niðurníðslu þegar hjónin Áslaug Jóhanna Jensdóttir og Magnús Helgi Alfreðsson húsa-smíðameistari keyptu það árið 1993. Fimm árum síðar hófu þau viðamiklar endurbætur og nánast tóku húsið ofan og endurbyggðu frá grunni. Hjörleifur Stefánsson arkitekt hafði í byrjun umsjón með framkvæmdum og hönnunarmunum en síðar Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt (Teiknistofan kol og salt á Ísafirði).

Faktorshúsið er opið kl.11.30-23.20 á virkum dögum og kl.11.30-23.30 um helgar. Slóð á heimasíðu er www.randburg.com/is/aslaug.html, netfang er gistias@snerpa.is og síminn 456 3868.



Faktorshúsið í Hæstakaupstað er nú orðið bæjarþryði á Ísafirði á ný eftir margra ára endurbyggingarstarf.



Systurnar Helga Þuríður og Rakel Guðbjörg Magnúsdóttir, kaffibarhjónar með meiru í Faktorshúsinu.



Svona leit Faktorshúsið út árið 1993, þá nánast að falli komið. Magnús Alfreðsson hugar að bráðabirgðalagfæringum utanbúss.

Bensínstöðin Ísafirði

Opið frá kl. 7:30 til 23:30, alla daga nema sunnudaga kl. 9:00 til 23:30.

Sjálfsali eftir lokun

**SAMLOKUR • ÍS • VEIÐIVÖRUR
GRILL • KOL OG MARGT ANNAÐ**

Bensínstöðin Ísafirði, sími 456 3574

SUMARHÚS OG GISTIHEIMILI Í SÚÐAVÍK

SÚÐAVÍK SUMMERHOUSE AND GUESTHOUSE

Fullbúin sumarhús og íbúðir með svefnpláss fyrir 4-12 manns. Í hverri íbúð er vel útbúið eldhús með öllum algengum raftækjum, sjónvarp, útlarp, sængur og koddar. Uppbúin rúm ef óskað er.

Fully equipped apartments and summerhouses with beds for 4-12 people. Each apartment has cooking facilities, a refrigerator, television, radio, bedspreads and pillows. Made up-beds if required.

Súðavík er 230 manna sjávarþorp á norðanverðum Vestfjörðum. Súðavíkurreppur er víðfemur og náttúru- fegurð er mikil. Margar góðar gönguleiðir eru á svæðinu og stutt er til Ísafjarðar og nágrennabyggða.


Súðavík is a small village located in the peaceful surroundings of Álftarfjörður, only a 15 minutes drive from Ísafjörður „the capital of the West Fjords“. The village is nestled between high mountains facing the ocean. A beautiful, unspoilt region, ideal for nature lovers.



Sumarbyggð hf.

Nesvegi 3 • 420 Súðavík
TEL. 354 456 4986 • GSM 861 4986
FAX. 456 5986 • NETF. sumarbyggd@sudavik.is

H-PRENT



Séð yfir Haukadal í Dýrafirði. Í forgrunni er Haukadalsá en bæirnir á miðri mynd standa við enda Seftjarnar þar sem menn iðkuðu forðum knattleika á ísi.

Á söguslóðum Gísla Súrssonar í Haukadal í Dýrafirði

Í Haukadal í Dýrafirði er megin-svið Gísla sögu Súrssonar, sem er ein hinna þekktustu í hópi Íslendingasagna. Þar bjó Gíslí ásamt Auði konu sinni og þar í dalnum gerðust þeir válegu atburðir sem leiddu til útleðar Gísla. Haukadalur er skammt utan við Þingeyri, en þar er búsettur Þórir Örn Guðmundsson svæðisleiðsögumaður, sem hefur farið óteljandi ferðir

um Haukadal og leitt gesti um svið sögunnar.

Ákveðin hefur verið létt göngu-ferð um Haukadal laugardaginn 16. júní þar sem Þórir Örn verður sögumaður. Mælt er með því að þátttakendur gefi sér tóm til að líta áður yfir Gísla sögu og rifja upp helstu atriði hennar, einkum atburði í Haukadal, til þess að umræður á leiðinni geti orðið sem

mestar og skemmtilegastar.

Gengið verður um dalinn og staðnæmst við þau kennileiti sem þekkt eru og rifjuð upp atriði sögunnar sem tengjast þeim. Þar má nefna bæina í dalnum, Hól (þar sem nú heitir Gíslahóll) og Sæból, en garðar þeirra lágu saman, Seftjörn þar sem knattleikar voru háðir á ísi, brekkuna þar sem konur og aðrir áhorfendur sátu og fylgdust

með leikum, og hauga þeirra Vésteins og Þorgríms.

Hverjir voru vinir hverra í raun og hver sagði hvað og af hvaða tilefni? Skoðaður verður þáttur trúarinnar og örlagatrúarinnar í sögunni og máttur seiðskrattans á Nefsstöðum fyrir innan Haukadalsá. Líkt og í ýmsum öðrum Íslendingasögum eru konurnar í sögunni og hlutur þeirra veigamikill þáttur

í atburðarásinni. Gísla saga býður alltaf upp á skemmtilegar og líflugar umræður.

Lagt er af stað í ferðina kl. 14 frá árholtunum utan brúarinnar yfir Haukadalsá. Göngufólki er bent á að hafa meðferðis þægilega skó, léttan göngufatnað og nestisbita en áætlaður tími er fjórar klukkustundir. Nánari upplýsingar gefur Þórir Örn í síma 863 2412.

Njóttu sumarsins

VISA UM ALLA FRAMTÍÐ





Á Eyriinni
 Veitingastaður Kaffihús
 Fisherhúsi anno 1884
 Mánagata 1 – Sími 456 5525



Restaurant - Pizzeria - Bar

Veitingastaður í anddyri bæjarins
 Fjölbreyttur matseðill
 Mikið úrval fiskrétta

Gerum tilboð í alla ferðahópa
 stóra sem smáa

Nánari upplýsingar
 í síma 456 5526
 og aeyrinni@snerpa.is



Sérhæfum okkur í bókum og landakortum frá Vestfjörðum



Bókhlaðan,



Ísafirði sími 456-3123

BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

**SJÓMINJAR
 Í TURNHÚSINU
 Á ÍSAFIRÐI**

**MARITIME EXHIBIT
 IN ÍSAFJÖRÐUR**



**OPIÐ VIRKA DAGA Í SUMAR
 KL. 10 - 17
 UM HELGAR Í MAÍ OG JÚNÍ
 KL. 13 - 17
 JÚLÍ OG ÁGÚST
 KL. 10 - 17**

**OPEN: WEEKDAYS 10 - 17
 WEEKENDS: MAY AND JUNE 13 - 17
 JULY AND AUGUST 10 - 17**

**THE WESTFJORDS
 FOLK MUSEUM**

SAFNKAFFI Í TJÖRUHÚSI

**OPIÐ VIRKA DAGA
 20. JÚNÍ - 20. ÁGÚST
 KL. 11 - 17**

**OPEN EVERY DAY FROM
 THE JUNE 15 - AUGUST 15
 FROM 11 - 17**



**ÞAD ER SAGA Í HVERJUM DROPA
 Í TJÖRUHÚSINU LJÚFFENGAR
 SÚPUR Í HÁDEGINU OG ÞJÓÐLEGT
 MEDLÆTI**

**DELICIOUS SOUPS AT LUNCHTIME
 TRADITIONAL ICELANDIC
 BREAD AND PASTRY**

**MUSEUM CAFÉ
 IN TJÖRUHÚS**



Séð af blaðinu á Hrafnseyri yfir lognkyrran Arnarfjörð. Langanes sem klýfur fjörðinn innanverðan er til vinstri á myndinni. Niðri á túninu fyrir miðri mynd er bautasteinn Jóns Sigurðssonar.

Hrafnseyri við Arnarfjörð

Hrafnseyri við Arnarfjörð er einn af merkustu og jafnframt helgustu sögustöðum Íslands. Þar bjó fyrir um 800 árum Hrafn Sveinbjarnarson, eitt af helstu stórmönnum og göfugmennum landsins. Hann er talinn fyrsti menntaði

læknirinn á Íslandi og nam fræði sín á Ítalíu.

Í seinni tíð er Hrafnseyrar einkum minnst vegna þess, að þar fæddist sjálfstæðisleiðtogi Íslendinga á níttjándu öld, Jón Sigurðsson, sem jafnan er nefndur Jón forseti.

Hann var þó ekki forseti Íslands, heldur var hann forseti Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags og einnig löngum Alþingisforseti. Fæðingardagur Jóns var 17. júní 1811 og þótti sjálfsagt að afmælisdagur hans yrði þjóðhátíðardagur Íslendinga.

Hrafnseyri var og er kirkjustaður. Núverandi kirkja þar er meira en aldargömul, vígð árið 1886. Þar rétt hjá stendur nú endurbyggður fæðingarbær Jóns Sigurðssonar, reistur fyrir fáum árum samkvæmt því sem menn telja sannast og réttast og reyndar liggja merkilegar

heimildir þar að baki. Í hinum nýbyggða tveggja alda gamla burstabæ er veitingasala á sumrum. Þar er gestum einnig á hverju ári boðið að taka þátt í gestapraut og fá fjölmargir sem leysa hana senda góða bók um næstu jól.

Á Hrafnseyri er einnig Safn Jóns

REYKHÓLAHREPPUR



Ferðafólk!

Verið velkomin í Reykhlóahrepp

Upplýsingamiðstöð á Reykhólum,

sími 434 7830. Sundlaugin

á Reykhólum og tjaldstaði,

sími 434 7738

Ný hlunnindasýning

opnar á Reykhólum 1. júlí

VEG-gisting

SUÐUREYRI



VEG-gisting er nýtt gistiheimili á besta stað á Suðureyri. Gistiheimilið er fjölskylduvænt og uppfyllir gæðakröfur hins almenna ferðamanns sem vill dvelja í rómantísku sjávarþorpi og upplifa bryggjumenningu og blómlegt mannlíf.

Við bjóðum uppá gjaldlausan kaupauka fyrir alla viðskiptavinum okkar og má þar helst nefna: frímiða í útisundlaug, reiðhjól, veiðistangir og leikföng fyrir börnin og margt fleira

Þjónustusími: 456 6666. gistiheimili@sudureyri.is www.sudureyri.is/gistiheimili



Hrafseyri við Arnarfjörð. Fremst á myndinni er minnisvarði (bautasteinn) Jóns Sigurðssonar, reistur árið 1911 þegar hundrað ár voru liðin frá fæðingu hans. Á honum er eirskjöldur með andlitsmynd Jóns eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Í búsinu til vinstri er m.a. Safn Jóns Sigurðssonar en fyrir miðri mynd er fæðingarber hans sem var endurbýgður fyrir nokkrum árum. Ánarmúli gnæfir að baki.

Sigurðssonar, þar sem getur að líta fjölda gripa úr eigu Jóns og myndir úr sögu hans. Staðurinn að Hrafseyri er helgur í sögu Íslands. Fyrsti formaður Hrafseyrarnefndar, sem skipuð var til að auka veg staðarins, var Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands. Hins vegar var það fyrsta embættisverk Vigdísar Finnbogadóttur í stöðu forseta Íslands að opna Safn Jóns Sigurðssonar árið 1980.

Staðarhaldari á Hrafseyri hefur um langt árabil verið Hallgrímur Sveinsson, fyrrum skólastjóri, og hefur hann verið vakinn og sofinn yfir velferð staðarins og framgangi. Það má teljast athyglisvert, að á Hrafseyri er til heimilis bókaforlag Hallgríms, sem heitir því einfalda nafni Vestfirska forlagið. Bókaforlag þetta (Hallgrímur) Það hefur á liðnum árum gefið út fjölda bóka sem snerta sögu og menningu á Vestfjörðum og fer vegur þess vaxandi með hverju ári.

Ofan við Hrafseyri gnæfir Ánarmúli, svipmikið fjall. Nafngiftina má rekja til þess að Án rauðfeldur Grímsson settist fyrstur manna að hér á Eyri við Arnarfjörð, ef marka má Landnámabók. Nafnið Hrafseyri (Rafseyri) fékk staðurinn miklu seinna þegar farið var að kenna hann við Hrafn Sveinbjarnarson sem áður er getið (um 1200). Landnáma segir að landnámsmaðurinn Án rauðfeldur hafi fyrst búið í Dufansdal við Arnarfjörð en þar þótti Grelöðu konu hans „illa ilmað úr jörðu“. Eftir það keypti Án lönd öll milli Langa-

ness og Stapa af Erni þeim sem nam Arnarfjörð, frænda Geirmundar heljarskinns. Örn fluttist norður í Eyjafjörð en Án rauðfeldur og Grelöð settust að á Eyri. Þar þótti Grelöðu „hunangsilmur úr grasi“.

Við Hrafseyrarána, niður af núverandi Hrafseyrarbæ, eru Grélu-

tóftir (Greladartóftir), en þar er sagt að þau Án og Grelöð hafi byggt bæ sinn. Nokkru fyrir 1980 fóru þar fram fornleifarannsóknir og leiddu í ljós fornar rústir tveggja húsa. Annað þeirra hafði verið skáli með langeldum en hitt jarðhús. Rústir þessar eru nú friðlýstar.



Endurvakin Ögurböll með rabarbaragraut og rjóma

Síðustu árin hafa Ögurböllin gamalkunnu verið endurvakin en þau voru og eru líka kölluð bátaböll. Á árum áður voru dansleikirnir á hinu fornfræga höfuðbóli, Ögri við Ísafjardardjúp, einhver mesti fagnaður ársins við Djúpið innanvert. Oft var umsjón þeirra í höndum Sigurjóns Samúelssonar á Hrafnabjörgum, hins landspekta hljómplötusafnara.

Sumarið 2000 gengust tveir bræður úr Ögri sem nú eru búsettir

á Ísafirði, þeir Halldór bæjarstjóri og Leifur lögreglumaður Halldórsynir, ásamt eiginkonum sínum fyrir almennum dansleik á barnskulóðum sínum í Ögri. Dansleikurinn tókst hið besta og var gamanið endurtekið í fyrri. Enn verður haldið Ögurböll (bátaball) í sumar og verður það laugardaginn 27. júlí.

Ögurböllin hafa einnig verið nefnd bátaböll vegna þess að jafnan hafa margir komið sjóleiðina frá byggðunum við utanvert Ísafjardardjúp. Alveg sérstaklega virðist ástæða til að tala um bátaböll þessi árin vegna þess að á sama tíma eru haldnir siglingadagar á Ísafjardardjúpi og í Jökulfjörðum. Margir komu og lögðu bátum sínum á Ögurvíkinni þegar ballið var haldið í fyrri og hitteðfyrra.

Nesti gestanna á bátaballinu er með ýmsum hætti, bæði fast og fljótandi, en eitt er þó alltaf fastur liður á Ögurböllum að fornu og nýju: Þar er boðið upp á rabarbaragraut og rjóma. Dansað er í gamla félagsheimilinu í Ögri en tjaldsvæði þar í kring eru mikil og góð.

ÍSLANDBANKI

ÖTIBÓIÐ ÍSAFIRÐI

Hraðbankinn í Íslandsbanka er opinn allan sólarhringinn!



1897

Café Riis
Hólmavík




Restaurant
Bar – Pizza

Tilvalinn áningarstaður
á leið um Vestfirði

Tökum að okkur
veislur, afmæli, fundi,
ráðstefnur o.fl.

Café Riis

Hafnarbraut 39 - 510 Hólmavík
Sími 451 3567 - Fax 451 3557
Nétfang riis.ljosmagn @isholf.is
Veffang: www.cafერიის.is



Hefurðu séð Ísland?

ABX / BIA



ÍSLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Ísland er sannkallað ferðamannaland – endalausir
möguleikar til afþreyingar, alltaf eitthvað nýtt að sjá.
Hvernig væri að láta 2002 vera árið sem þú byrjaðir
að skoða Ísland?

